

HAUKUR INGVARSSON

Frá suðri til norðurs

William Faulkner og Guðmundur Daníelsson

„Fortíðin er hér á ferðinni í kvöld. Svo sannarlega, hið liðna er enn ekki liðið. Það þrjóskast við, hangir við hlutina og vill ekki sleppa.“
Guðmundur Daníelsson, *Af jörðu ertu kominn: Eldur*, 1941

„The past is never dead. It's not even past.“
William Faulkner, *Requiem for a Nun*, 1951¹

I

Í byrjun fjórða áratugarins hafði bandaríski rithöfundurinn William Faulkner skrifað fimm skáldsögur, m.a. *The Sound and the Fury* (1929) og *As I Lay Dying* (1930) sem í dag eru taldar meðal helstu afreka í skáldsagnagerð á 20. öld. Samtímamenn hans voru fæstir á sama máli og þó gagnrýnendur hafi hælt verkum hans þegar þau komu út fyrir tilraunakennda byggingu, frumlegan stíl og nýstárlega frásagnartækni þá seldust þær illa í heimalandinu og því gekk honum erfiðlega að sjá sér og sínum farborða með ritstörfum.² Á sama tíma fór áhugi á bandarískum bókmenntum vaxandi í Evrópu og virðing fyrir þeim sömuleiðis. Árið 1930 er gjarna látið marka ákveðin tímamót þegar staða bandarískra bókmennta er metin í alþjóðlegu samhengi en þá hlaut Sinclair Lewis Nóbelsverðlaunin í bókmenntum fyrstur Banda-

¹ William Faulkner, *Requiem for a Nun*, *William Faulkner: Novels 1942-1954*, New York: The Library of America, 1985, bls. 471-664, hér bls. 535.

² M. Thomas Inge, „Introduction“, *William Faulkner: The Contemporary Reviews*, ritstj. M. Thomas Inge, The American Critical Archives, Cambridge: Cambridge University Press, 1995, bls. xiii.



ríkjamanna.³ Í kjölfarið fjölgaði þýddum og útgefnum verkum eftir bandaríska höfundanna enn frekar í Evrópu. Faulkner var einn af þeim sem barst með þessari bandarísku bylgu en þýðingar á verkum hans á frönsku, sem hófust árið 1932, voru mikilvægur áfangi á leið hans inn á hið alþjóðlega svið bókmenntanna og stundum er jafnvel látið í veðri vaka að vinsældir hans í Frakklandi hafi leitt til þess að hann hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1950.⁴ Þá vill gleymast að menntamenn á Norðurlöndum tóku snemma að gefa þessum lítt kunna bandaríska rithöfundum gaum. Þannig skrifaði sænska skáldið Artur Lundkvist fimm síðna grein um Faulkner í tímaritið *Bonniers Litterära Magasin* árið 1932 sem fylgdi úr hlaði þýðingu hans á smásögunni „A Rose for Emily“ eða „En ros åt Emily“.⁵ Ári síðar kom skáldsagan *Soldiers' Pay* (1926) út í Noregi í ritröðinni *Gyldendals moderne romanserie* undir heitinu *Soldatens Sold* (1933) og *Light in August* (1932) eða *Mørk august* (1934) ári síðar.⁶ Ritstjóri norsku ritraðarinnar, Sigurd Hoel,

³ Gisèle Sapiro, „Faulkner in France: Or How to Introduce a Peripheral Unknown Author in the Center of the World Republic of Letters“, *Journal of World Literature* 1: 3/2016, bls. 391-411, hér bls. 394. Í ræðunni sem Sinclair Lewis flutti við afhendingu Nóbelsverðlaunanna sýndi hann bandarískum kollegum sínum mikið örlæti. Lyfti hann verkum þeirra og lagði áherslu á þau áhrif sem þeir höfðu haft á hann. Á sama tíma gagnrýndi hann bandarískt samfélag harðlega á sömu forsendum og margir evrópskir menntamenn höfðu gert í gegnum tíðina. Sumir höfundanna sem Lewis nefndi voru eldri en hann sjálfur og höfðu skapað sér nafn t.d. Upton Sinclair, Sherwood Anderson og Willa Cather, aðrir voru yngri og lítt þekktir jafnt heima sem heiman. Í þeim hópi mætti telja Thomas Wolfe, Michael Gold og William Faulkner. Sjá, Sinclair Lewis, „Nobel Lecture: The American Fear of Literature“, sótt 3. apríl 2019 af http://www.nobelprize.org/nobel_prizes/literature/laureates/1930/lewis-lecture.html.

⁴ Pascale Casanova, *The World Republic of Letters* [La république mondiale des lettres], þýðandi M.B. DeBevoise, Cambridge, Massachusetts/London, England: Harvard University Press, 2004, bls. 131. Faulkner hlaut strangt tiltekið Nóbelsverðlaunin í bókmenntum fyrir árið 1949 en hann tók ekki við þeim fyrr en 1950.

⁵ Grein Lundkvists er sú fyrsta sem fjallar sérstaklega um Faulkner og verk hans í Svíþjóð. Artur Lundkvist, „William Faulkner“, *Bonniers litterära magasin* 1: 6/1932, bls. 6-10. Nafn Faulkners hafði þó borið á góma í umfjöllun um bandarískar bókmenntir. Mats Jansson, „Swedish Modernism“, *Modernism*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson og Vivian Liska, Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company, 2007, bls. 837-845, hér bls. 840. Um viðtökur verka William Faulkners í Svíþjóð sjá, Jansson, Mats, „In the Treces of Modernism: William Faulkner in Swedish Criticism 1932-1950“, *Humanities* 7: 4/2018, bls. 96-128.

⁶ Hans Heiberg þýddi *Soldatens sold* en *Mørk august* þýddi ritstjórinn Sigurd Hoel.

skrifaði inngang að báðum þýðingunum en *Soldatens Sold* er fyrsta þýðingin á skáldsögu eftir Faulkner í heiminum.⁷

Sumarið 1936 fór íslenski rithöfundurinn Guðmundur Daníelsson í menningarreiðu til Kaupmannahafnar. Þar komst hann í kynni við norsku þýðingarnar á skáldsögum Faulkners.⁸ Lestur þeirra hafði varanleg áhrif á Guðmund eins og sjá má á viðtali sem birtist við hann í *Tímanum* þann 28. september 1939. Í niðurlagi þess er Guðmundur inntur eftir áhrifavöldum og lýkur hann þeirri yfirferð á því að nefna „yngstu höfunda Ameríkumanna“. Hann kys þó aðeins að nafngreina William Faulkner sem hann segir: „tvímælalaust með mestu skáldum heimsins í dag.“⁹ Guðmundur var, þegar þarna var komið sögu, farinn að leggja drög að þrileik sem kom út á fyrri hluta fimmta áratugarins en hann samanstendur af skáldsögunum *Af jörðu ertu kominn: Eldur* (1941), *Sandur* (1942) og *Landið bandan landsins* (1944).¹⁰ Þó bæði Guðmundur og aðrir hafi síðan haft orð á því að augljós skyldleikamerki séu með verkum hans og Faulkners hefur aldrei verið gerð nákvæm grein fyrir því í hverju líkindin eru fólgin.¹¹ Því má við þetta bæta að þó Faulkner hafi heimsótt Ísland árið 1955, smásögur hans verið þýddar á íslensku auk þriggja skáldsagna og íslenskir höfundar eins og Thor Vil-

⁷ Um viðtökur Faulkners og verka hans í Noregi sjá, Hans H. Skei, „The Reception and Reputation of William Faulkner in Norway, 1932-1982“, *Notes on Mississippi Writers* XVI: 1 & 2/1984, bls. 25-58.

⁸ Guðmundur Daníelsson, „Gegnum lystigarðinn“: Eftirmáli með 2. útgáfu“, *Gegnum lystigarðinn*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja H.F., 1965, bls. 187-191, hér bls. 188.

⁹ „Viðtal við rithöfund: Guðmundur Daníelsson frá Guttormshaga segir þætti úr æfisögu sinni“, *Tíminn*, 28. september 1939. Þýðingar á verkum Faulkners í Danmörku hófust árið 1939 en bókmenntaáhugamenn þar í landi virðast hafa fylgst grannt með útgáfu bóka í Noregi og Svíþjóð. Um viðtökur Faulkners og verka hans í Danmörku sjá, Jan Nordby Gretlund, „William Faulkner's Strange Career in Danish“, *Notes on Mississippi Writers* XVIII: 1/1986, bls. 35-52.

¹⁰ Framvegis verður skáldsagan *Af jörðu ertu kominn: Eldur* kölluð *Eldur* í meginmáli. Aftur á móti er vísað til þrileiksins í heild sinni sem *Af jörðu ertu kominn*. Tilvísanir í *Eld* birtast í meginmáli innan sviga og titillinn einfaldlega skammstafaður E á undan blaðsíðutali. Vísað er til *Landsins bandan landsins* með sama fyrirkomulagi en titillinn er skammstafaður L. Átt er við fyrstu útgáfu bókana: *Af jörðu ertu kominn: I. Eldur*, Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1941 og *Landið bandan landsins*, Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1944.

¹¹ Sjá t.a.m. Guðmundur Daníelsson, „Eftirmáli 2. útgáfu“, *Sandur*, Ritsafn Guðmundar Daníelssonar, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1967, bls. 204-209, hér bls. 208; Guðmundur G. Hagalín, „Skáldið William Faulkner“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 14. janúar 1951, bls. 20-22; Helgi Sæmundsson, „FAULKNER LÁTINN“, *Alþýðublaðið*, 19. júlí 1962, bls. 4.

hjálmsson og Guðbergur Bergsson gengist við áhrifum frá honum þá hefur íslensk bókmenntaumræða að langmestu leyti farið varhluta af þeim viðamiklu rannsóknum sem gerðar hafa verið á Faulkner og verkum hans og stundum er vísað til sem hins alþjóðlega Faulkner iðnaðar.¹²

Í þessari grein er horft á rannsóknir undanfarinna tveggja áratuga á því hvers vegna verk Faulkners hafa höfðað sérstaklega til rithöfunda á svæðum sem staðið hafa höllum fæti í efnahagslegu og menningarlegu tilliti, ýmist innan heimalanda sinna eða gagnvart erlendu valdi. Meðal þess sem fræðimenn hafa lagt sérstaka rækt við er að kanna tengsl milli forms skáldverka Faulkners og þess sögu- og félagslega jarðvegs sem þau spruttu úr.¹³ Umfjöllunin hér á eftir skiptist í tvo hluta; í þeim fyrri verður kannað með hvaða hætti Guðmundur Daníelsson nýtir byggingarlag og hugmyndaheim skáldsögunnar *Light in August* eða *Ljós í ágúst í Eldi*, fyrsta bindi þrileiksins *Af jörðu ertu kominn*.¹⁴ Í þeim síðari er spurt hvort og þá hvernig Guðmundur

¹² Jay Parini, „Faulkner’s Lives“, *A Companion to William Faulkner*, ritstj. Richard C. Moreland, Maldan, Oxford og Victoria: Blackwell Publishing, 2007, bls. 104-112, hér bls. 105. Auk fjölda ævisagna, fræðirita og ritgerðasafna sem komið hafa út má nefna að The University of Mississippi hefur í á fimmta áratug staðið fyrir árlegum þematengdum ráðstefnum undir yfirskriftinni Faulkner and Yoknapatawpha Conference sem síðan er fylgt eftir með veglegum ráðstefnuritum. Einnig eru starfrækt rannsóknarnet víða um heim en öflugast þeirra er The Faulkner Society, sem gefur út tímaritið *The Faulkner Journal* tvisvar á ári auk þess að skipuleggja málstofur á helstu hugvísindapungum Bandaríkjanna, m.a. árlegri ráðstefnu Modern Language Association. Margar rannsóknir liggja fyrir á viðtökum Faulkners og verka hans í einstökum þjóðlöndum þar sem einkum er horft á þýðingar og blaðadóma, auk þeirra rannsókna sem þegar hafa verið nefndar neðanmáls má nefna Gordon Price-Stephens, „The British Reception of William Faulkner 1929-1962“, *Mississippi Quarterly* 18: 3/1965, bls. 119-200 og François Pitavy, „The Making of a French Faulkner: A Reflection on Translation“, *The Faulkner Journal* 24: 1/2008, bls. 83-97.

¹³ Hosam Aboul-Ela birtir yfirlit yfir þessar rannsóknir í greininni „Faulkner as/and the postcolonial writer“, *William Faulkner in Context*, ritstj. John T. Matthews, New York: Cambridge University Press, 2015, bls. 288-97.

¹⁴ *Ljós í ágúst* kom upphaflega út í Bandaríkjunum í október árið 1932 undir heitinu *Light in August*. Í meginmáli ritgerðarinnar er vísað til skáldsögunnar *Ljós í ágúst* en svo hefur hún verið kölluð á íslensku a.m.k. síðan 1953 þegar kaffinn á „Krossgötum“ birtist í tímaritinu *Úrvali* 12. árg. 6. hefti bls. 89-112. Þýðandi kaflans er Óskar Bergsson. Árið 1999 gaf bókaforlagið Bjartur *Ljós í ágúst* út í heild sinni í íslenski þýðingu Rúnars Helga Vignissonar. Í meginmáli greinarinnar er þeirri hefð í Faulkner-fræðum fylgt að vísa til útgáfu The Library of America. Er heiti *Light in August* skammstafað LA í tilvísunum í meginmáli en á eftir fylgir blaðsíðutal. Um er að ræða: William Faulkner, *Light in August*, *William Faulkner: Novels 1930-1935*, New York: The Library of America, 1985, bls. 399-774.

Daníelsson nýti skáldsagnaformið til að fjalla um Ísland sem hjálendu eða nýlendu Dana á tímum þegar tekið er að hilla undir sjálfstæði þjóðarinnar. Fjallað verður um skáldsöguna í samhengi eftirlendufræða og lögð sérstök áhersla á að greina þá mynd sem hún birtir af bæði valdsmönnum og þeim sem standa höllum fæti í íslensku samfélagi. Einnig verður kannað hvernig persónur skáldsögunnar notast við staðalmyndir af framandi landsvæðum og íbúum þeirra til að grundvalla sjálfsmynd sína. Að lokum verða tvö dæmi úr *Eldi* annars vegar og *Landinu handan landsins* hins vegar skoðuð og greind en þar eru persónur beittar kynferðislegu ofbeldi um leið og jaðarstaða þeirra er undirstrikuð með tilvísun til framandi útlitseinkenna og fötlunar.

Faulkner og jaðarinn

Í bók sinni *La République mondiale des lettres* frá árinu 1999 bendir Pascale Casanova á að í miðjum heimsbókmenntakerfisins, og þá einkum og sér í lagi París, hafi Faulkner verið hampað fyrir tæknilegar nýjungar á sviði skáldsagnagerðar en þær aðeins metnar á forsendum forms og stílbragða.¹⁵ Á jöðrum bókmenntaheimsins hafi aftur á móti verið litið á þessar nýjungar sem tæki í baráttu fyrir frelsi. Verk Faulkners hafi skipað sérstakan sess meðal höfunda um víða veröld sem vildu brjótast undan yfirvöldum sem drottnuðu yfir því bókmenntakerfi sem þeir lifðu og hrærðust í. Faulkner hafi fundið farveg fyrir reynslu af pólitískri, fagurfræðilegri og bókmenntalegri sjálfheldu. Hann hafi gert höfundum í fátækum heimshlutum kleift að fella mótsagnakenndustu þætti tilveru sinnar í viðurkennt bókmenntaform. Í kafla sem helgaður er Faulkner fjallar Casanova um höfunda frá mismunandi tímaskeiðum, land- og menningarsvæðum sem eiga það sameiginlegt að hafa fundið til andlegs skyldleika (e. *affinity*) við Faulkner. Hún kys að nota þetta orðalag til að losna við að tala um áhrif (e. *influence*) sem henni finnst gefa til kynna að annar aðilinn sé aðeins óvirkur móttakandi. Hún fjallar m.a. um Juan Benet sem hóf að umbylta formi skáldsögunnar á Spáni á sjöunda áratugnum, hinn alsírski Rachid Boudjedra sem gerði áþekkar tilraunir á arabísku á níunda áratugnum og loks beinir hún sjónum að Gabriel García Márques, Mario Vargas Llosa og öðrum höfundum Rómönsku Ameríku sem slógu í gegn á sjöunda og áttunda áratugnum.¹⁶

Casanova leggur áherslu á að allir þessir höfundar fjalli um frumstætt sveitalíf í skáldsögum sínum en kynni þeirra af verkum Faulkners hafi gert

¹⁵ Sjá, Pascale Casanova, *The World Republic of Letters*, bls. 336-37.

¹⁶ Sama heimild, bls. 339.

þeim kleift að setja hefðbundin viðfangsefni í nútímalegan búning.¹⁷ Þeir hafi enn fremur leitað innblásturs í erlendum bókmenntum og rætt opin-skátt um þau áhrif sem Faulkner hafði á þá til að sýna fram á sérstöðu sína í bókmenntum heimalanda sinna.

Staðfærsla Guðmundar Daníelssonar á hugmyndum og aðstæðum úr verkum Faulkners, sem hann aðlagar að íslensku sveitasamfélagi og veruleika í nýstárlegu formi, kann að vera þess valdandi að þrileikurinn fellur ekki að hefðbundnum hugmyndum um þróun íslenskra lausamálsbókmennta. Þegar Kristinn E. Andrésson fjallar um *Af jörðu ertu kominn* í bókmenntasögu sinni, *Íslenskar nútímabókmenntir 1918-1948*, leggur hann áherslu á það hversu sundurleitt verkið sé og erfitt að sjá á því listrænt form.¹⁸ Lokadómur hans er sá að Guðmund vanti meiri kunnáttu í skáldsagnagerð en um leið er sem deilt sé á móderníska fagurfræði í skáldskap undir rós. Skýrasta dæmið um þetta eru eftirfarandi orð Kristins: „Oft er á það bent, hvernig listin deyr hjá skáldunum, er þau tilbiðja hana sjálfrar hennar vegna. En í rauninni fer á sömu leið fyrir þeim skáldum, sem gera „lífið“, þ.e. stefnu-leysið og formleysið að hugsjón sinni, að verk þeirra verða ekki list.“¹⁹ Þegar þrileikurinn var endurútfeginn á sjöunda áratugnum taldi bókmenntagagnrýnandinn Ólafur Jónsson þetta vera „metnaðargjarnasta skáldverk“ Guðmundar en samt sem áður virðist hann ekki hafa haft afgerandi áhrif á stöðu hans í íslenskum bókmenntum.²⁰ Um þrileikinn er t.a.m. ekki fjallað í *Íslenskri bókmenntasögu* Máls og menningar endaðótt mörg önnur verka hans beri þar á góma.²¹ Guðmundur Daníelsson minnti reglulega á kynni sín af

¹⁷ Sama heimild, bls. 345.

¹⁸ Kristinn E. Andrésson, *Íslenskar nútímabókmenntir 1918-1948*, Reykjavík: Mál og menning, 1949, bls. 371.

¹⁹ Sama heimild, bls. 375.

²⁰ Í ítarlegum blaðadómi sem Ólafur Jónsson skrifar í tilefni af endurútgáfu þrileiksins lýsir hann þeim vanda sem kynslóð Guðmundar stóð frammi fyrir, kemur hún heim og saman við þá þætti sem Casanova greindi hjá þeim höfundum sem hún taldi sækja til Faulkners. Vandann segir Ólafur hafa verið þann að „viðhalda epískri og raunsæislegri sagnahefð á tímum gagngerðra samfélagsbreytinga, umbrota og þróunar sem ögraði og vefengdi viðtekna skáldskaparháttu, endurnýja lífræna hefð á tíma sem bauð þeim úrkynjun staðnaðra forma“. Sjá, Ólafur Jónsson, „Af jörðu ertu kominn“, *Vísir* 6. nóvember 1970, bls. 7.

²¹ Jón Yngvi Jóhannsson fjallar um Guðmund Daníelsson í tengslum við íslensku sveitasöguna í *Íslenskri bókmenntasögu* IV og telur hann til „minni spámanna“ (258). Umfjöllun hans um skáldsöguna *Gegnum lystigarðinn* frá árinu 1938 er einkar forvitnileg. Segir hann söguna sýna ákveðna meðvitund um sveitasagnahefðina og vera sögu um sögu á öðrum þræði (263). Þetta sama einkennir síðasta bindi

skáldverkum Faulkners meðan honum entist aldur til.²² Trúlega vegna þess að hann gerði sér grein fyrir því að hann var meðal fyrstu skáldsagnahöfunda Evrópu til að tileinka sér frásagnartækni Faulkners og byggja á henni við sköpun eigin skáldverks.

Sama ár og bók Casanova kom út, á frummálinu frönsku, sendi Deborah Cohn frá sér bókina *History and Memory in the Two Souths*. Þar er líka fjallað um þýðingu Faulkners fyrir höfunda Rómönsku Ameríku og lögð áhersla á að tengsl séu á milli forms skáldverkanna og þess félagslega veruleika sem þau endurspeglar.²³ Hún lýsir þeim margháttuðu áhrifum sem ósigur Suðurríkjanna í bandaríska borgarastríðinu hafði á sjálfsmynd og sálarlíf íbúanna, efnahag svæðisins og pólitíska stöðu þess innan Bandaríkjanna. Þegar höfundar Rómönsku Ameríku komust í kynni við verk Faulkners á fjórða áratugnum fangaði hann ímyndunarafli þeirra vegna þess að þeir upplifðu aðstæður í Suðurríkjunum sem hliðstæður við klafa nýlendutímans. Þegar Cohn beinir sjónum að höfundum Rómönsku Ameríku hafnar hún því að um einhliða áhrif Faulkners sé að ræða, rétt eins og Casanova, og leggur þess í stað til að litid sé á Suðurríkin og Rómönsku Ameríku sem landssvæði eða rými með áþekka eiginleika.²⁴ Sá fræðilegi rammi sem Cohn skilgreindi í bókinni er einnig lagður til grundvallar í ritgerðarsafninu *Look Away: The U.S. South in New World Studies*, sem hún ritstýrði ásamt Jon Smith árið 2005. Þar má finna sérstakan kafla um Faulkner með ritgerðum eftir sex ólíka fræðimenn sem nýta m.a. kenningar nýlendu- og eftirlendufræða.²⁵

Eins og Cohn staðsetur Hosam Aboul-Ela sínar rannsóknir innan kenn-

þrileiksins *Landið bandan landsins* og hefði verið forvitnilegt að sjá Jón Yngva gera nánari grein fyrir þessu einkenni á skáldsap Guðmundar. Sjá, Jón Yngvi Jóhannsson, „Lausamálsbókmenntir á fjórða áratugnum“, *Íslensk bókmenntasaga*, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 224-304. Tímabilaskipting *Íslenskrar bókmenntasögu* IV kann að ráða því að þrileikurinn lendir milli skips og bryggju því umfjöllun um lausamálsbókmenntir er haldið áfram í kafla sem nefnist „Árin eftir seinna stríð“. Þar fjallar Dagný Kristjánsdóttir m.a. um sögulegar skáldsögur Guðmundar frá sjötta og sjöunda áratugnum. Sjá, Dagný Kristjánsdóttir, „Árin eftir seinna stríð“, *Íslensk bókmenntasaga* IV, bls. 419-661, hér bls. 501-502 og 507-508.

²² Guðmundur Daníelsson, „Guðmundur Gíslason Hagalín“, Sérhefti: Guðmundur Gíslason Hagalín, *Morgunblaðið* 9. mars 1985, bls. B2.

²³ Deborah N. Cohn, *History and Memory in the Two Souths: Recent Southern and Spanish American Fiction*, Nashville and London: Vanderbilt University Press, 1999, bls. 1-2.

²⁴ Sama heimild, bls. 4-7.

²⁵ *Look Away: The U.S. South in New World Studies*, Durham og London: Duke University Press, 2004.

ingaramma nýlendu- og eftirlendufræða í umfjöllun sinni um verk Faulkners í bókinni *Other South: Faulkner, Coloniality, and the Mariátegui Tradition* (2007). Aboul-Ela fer þá leið að greina tengslin milli nýlendu hagkerfa og menningarframleiðslu. Hann staðhæfir að Suðurríkin hafi verið eitt af fyrstu svæðunum sem hafi lotið efnahagslegu forræði (e. *hegemony*) Bandaríkjanna og að í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar hafi bandarísk stjórnvöld lagt undir sig fjölmörg lönd með sömu aðferðafræði að vopni, þ.e.a.s. fjárfestingum og beinum og óbeinum afskiptum af stjórnmálum.²⁶ Þetta er að hans mati ný tegund af nýlendustefnu sem byggðist ekki á landnámi herraþjóðarinnar heldur á að nýlendunum sé stjórnað úr fjarska með valdi sem sé oft og tíðum erfitt að festa hendur á.²⁷ Hugtakið forræði er sótt til ítalska marxistans Antonios Gramscis en það lýsir pólitísku yfirvaldi sem byggir á samþykki þeirra undirokuðu, samþykki sem er tryggt með útbreiðslu og alþýðuhylli þeirrar heimsmyndar sem valdastéttin teiknar upp.²⁸ Hosam Aboul-Ela vinnur áfram með kenningar Gramscis í greininni „Faulkner as/and the Postcolonial Writer“ en þar leggur hann áherslu á að þær víkki út umræðu um verk Faulkners í samhengi eftirlendufræða. Í fyrsta lagi geri það hugmyndina um Suðrið huglæga, þ.e.a.s. svæðið sé ekki lengur skilgreint landfræðilega heldur út frá hugmyndum um menningarlegt og pólitískt forræði. Í öðru lagi segir Aboul-Ela þessa endurskilgreiningu vekja upp spurningar um það hvers vegna ekki hafi farið fram viðameiri rannsóknir á tengslunum milli Faulkners og þeirra fjölmörgu rithöfunda sem fengist hafa við endurritun verka hans í þeim nýlendum sem finna má utan Suður- og Norður-Ameríku.²⁹

Í þessari grein er ætlunin að taka áskorun Aboul-Ela og skoða með hvaða hætti fortíð Íslands sem nýlendu er endurrituð í fyrsta bindi *Af jörðu ertu kominn*. Fyrst þarf þó að glöggva sig á því hvað við er átt þegar talað er um Ísland sem nýlendu.³⁰ Frumkvöðlar eftirlendufræðanna komu flestir frá fyr-

²⁶ Hosam Aboul-Ela, *Other South: Faulkner, Coloniality, and the Mariátegui Tradition*, Pittsburgh: University of Pittsburgh Press, 2007, bls. 9-10.

²⁷ Sama heimild, bls. 15.

²⁸ Hugtakið forræði var fyrirferðarmikið í skrifum Gramscis meðan hann sat í haldi ítölsku fasistastjórnarinnar frá árinu 1926 og þar til hann dó árið 1935. Hugtakið hefur gengið í endurnýjun lífdaga undanfarna áratugi og verið nýtt til að greina vald af margvíslegum toga. Sjá, Thomas R. Bates, „Gramsci and the Theory of Hegemony“, *Journal of the History of Ideas* 36: 2/1975, bls. 351-366, hér bls. 352.

²⁹ Hosam Aboul-Ela, „Faulkner as/and the postcolonial writer“, bls. 295.

³⁰ Sögu eftirlendufræða má rekja aftur til fyrri hluta tuttugusta aldar en hún hefur verið tengd rannsóknum fræðimanna sem beindu sjónum að sjálfsmynd nýlendubúa

um nýlendum evrópskra nýlenduvelða í Asíu, Afríku og Rómönsku Ameríku; frá Evrópu séð var því horft austur og suður á bóginn. Þegar fræðimenn tóku að beina sjónum í norður komust þeir brátt að raun um að vandamál nýlendustefnunnar í suðri og austri voru af öðrum toga en á norðurslóðum. Norðurslóðir tilheyrðu ekki annarri heimsálfu heldur var um að ræða tiltölulega lítið landsvæði þar sem íbúarnir voru í flestum tilvikum „eins“ og því komu flokkunarkerfi kynþáttahyggju og trúarbragða aðeins að gagni að takmörkuðu leyti. Á undanförunum tveimur áratugum eða svo hafa fræðimenn á sviði hug- og félagsvísinda skoðað Ísland út frá sjónarhorni eftirlendufræða í vaxandi mæli. Hefur þessi nálgun ekki verið óumdeild og varðar það m.a. notkun nýlendu hugtaksins til að lýsa stöðu Íslands innan danska ríkisins.³¹ Í pólitískum skilningi virðist ekki vera hægt að gefa afdráttarlaust svar um það hvort Ísland hafi verið nýlenda eða ekki en hins vegar hefur verið bent á

og börðust um leið fyrir pólitísku og menningarlegu sjálfstæði frá nýlenduvelðum Evrópu. Sá rammi, sem fræðunum er oftast settur í dag, er talinn hafa verið skilgreindur í bók Edwards Saïds *Orientalism* sem kom út árið 1978. Innan hans er lögd áhersla á þá spennu og krafta sem eru til milli miðborgar nýlenduvelðisins (e. *metropolis*) og fyrrum nýlendna; horft er gagnrýnum augum á Evrópu-miðaðan hugsunarhátt (e. *Eurocentrism*) og sérstök rækt lögd við þá hópa sem telja má fórnarlömb hans vegna t.d. litarháttar, hernaðarlegrar útþenslustefnu, arðráns eða misnotkunar af ýmsu tagi. Sjá, Hans Bertens, *Literary Theory*, þriðja útgáfa, The Basics, London og New York: Routledge, 2014, bls. 169-173.

³¹ Gavin Lucas og Angelos Parigoris, „Icelandic Archaeology and the Ambiguities of Colonialism“, *Scandinavian Colonialism and the Rise of Modernity: Small Time Agents in a Global Arena*, ritstj. Magdalena Naum og Jonas M. Nordin, Contributions to Global Historical Archaeology, New York/ Heidelberg/Dordrecht/London: Springer, 2013 bls. 89-104, hér bls. 91-94. Í þessu sambandi hefur verið bent á röksemdafærslu Jóns Sigurðssonar fyrir sjálfstæði Íslands en hún fólst í því að landið væri hvorki nýlenda né hjálenda (d. *biland*) heldur sérstakt sambandsland í persónulegu sambandi við konung Noregs og síðar Danmerkur. Guðmundur Hálfðanarson, „Var Ísland nýlenda“, *Saga* 52: 1/2014, bls. 42-75, hér bls. 47. Þrátt fyrir andstöðu Jóns festi hugtakið hjálenda sig í sessi þegar kom að því að lýsa stöðu Íslands innan danska ríkisins, virðist það hafa hugnast Íslendingum betur en nýlenda því það aðgreindi landið frá nýlendum Dana, eins og Færeyjum, Grænlandi og Dönsku Vestur Indíum, en færði það um leið nær vestrænum Evrópuþjóðum sem þeir vildu samsama sig. Sjá, Íris Ellenberger, „Somewhere Between “Self” and “Other”: Colonialism in Icelandic Historical Research“, *Nordic Perspectives on Encountering Foreignness*, ritstj. Anne Folke Henningsen, Leila Koivunen og Taina Syrjämaa, Histories 1, Turku: General History, University of Turku, 2009, bls. 99-114, hér bls. 100. Tregða Íslendinga til að láta flokka sig með íbúum nýlendna Dana kemur greinilega fram í viðbrögðum þeirra við Nýlendusýningunni í Kaupmannahöfn árið 1905, sjá Jón Yngvi Jóhannsson, „Af reiðum Íslendingum: Deilur um Nýlendusýninguna 1905“, *Þjóðerni í þúsund ár*, ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003, bls. 135-150.

að í efnahagslegum og menningarlegum skilningi beri Ísland mörg einkenni nýlendu.³² Á öðrum áratugi 21. aldar hefur skapast hefð innan fræðanna fyrir því að fjalla um norðurslóðir út frá sjónarhorni eftirlendufræða og er Ísland hluti af þeirri umræðu ásamt Færeyjum og Grænlandi.³³ Þó spurningunni um það hvort Ísland hafi verið nýlenda eða ekki sé oft velt upp í þessu sambandi þá má segja að ákveðin sátt sé um að á milli Íslands og Danmerkur hafi verið valdaójafnvægi og hallað hafi á Íslendinga í pólitísku, menningarlegu og efnahagslegu tilliti og að þetta ójafnvægi hafi mótað sjálfsmynd beggja þjóða í samskiptum þegna þeirra.³⁴

II

Eldur og Ljós í ágúst

Af jörðu ertu kominn gerist í tveimur sveitum sem aðskildar eru af öræfum, óbrúðu fljóti, opnum gjám, eyðimörk og jökli. Austan við jökulinn er Nes-hreppur sem er aðalsögusvið *Elds* en vestan við hann er Hraunamanna-

³² Guðmundur Hálfðanarson, „Var Ísland nýlenda“, bls. 70. Íris Ellenberger, „Somewhere Between “Self” and “Other”: Colonialism in Icelandic Historical Research“, bls. 104-106. Mannfræðingarnir Kristín Loftsdóttir og Gísli Pálsson sem bæði hafa tekið virkan þátt í að móta sjónarhorn nýlendufræða þegar Ísland er annars vegar taka afdráttarlaust til orða um stöðu Íslands í bókarkafla árið 2013. Hann hefst einfaldlega á orðunum: „Sem nýlenda Dana og Norðmanna á tímabilinu 1262 til 1944, var staða Íslands gjarna sérstök í menningarlegu og geopólitísku tilliti.“ Sjá, Kristín Loftsdóttir og Gísli Pálsson, „Black on White: Danish Colonialism, Iceland and the Caribbean“, *Scandinavian Colonialism and the Rise of Modernity*, ritstj. Magdalena Naum og Jonas M. Nordin, New York/ Heidelberg/Dordrecht/London: Springer, 2013, bls. 37-52, hér bls. 37.

³³ Sjá, t.a.m. ritgerðasöfnin: *Scandinavian Colonialism and the Rise of Modernity: Small Time Agents in a Global Arena*, ritstj. Jr. Charles E. Orser, Contributions To Global Historical Archaeology, New York/Heidelberg/Dordrecht/London: Springer, 2013; *The Postcolonial North Atlantic*, vol. 20, Berliner Beiträge zur Skandinavistik, Berlin: Noreuropa-Institut der Humboldt-Universität, 2014; *Postcolonial Perspectives on the European High North: Unscrambling the Arctic*, London: Palgrave Macmillan, 2016.

³⁴ Sumarliði Ísleifsson kemst að þeirri niðurstöðu í doktorsritgerð sinni að Ísland hafi ekki verið nýlenda og líta beri á það sem „fjarlægð jaðarsvæði í danska ríkinu“ það breytir því hins vegar ekki að hann leggur til að nýta megi „fræðilega umræðu um nýlendustefnu þó að tiltekið land hafi ekki formlega verið nýlenda heldur jaðarsvæði innan stærra ríkis eða jafnvel verið sjálfstætt ríki, a.m.k. að forminu til“. Sjá, Sumarliði R. Ísleifsson, *Tvær eyjar á jaðrinum: Æmyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan; Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2015, bls. 31-32.

hreppur þar sem síðari bindin, *Sandur* og *Landið bandan landsins*, eiga sér stað. *Eldur* og *Sandur* gerast samtímis að mestu leyti eftir aldamótin níttjánhundruð.³⁵ Þræðir þeirra eru raktir hlið við hlið en skerast í einum lykilatburði sem tengist jarðarkaupum. Í eftirmála annarrar útgáfu að *Sandi* lýsti Guðmundur Daníelsson aðferð sinni svo að reynt sé „að varpa ljósi á sögu-efnið úr tveim gagnstæðum áttum, líkt og maður ætlaði að ljósmynda hús og umhverfi þess, fyrst framhliðina, síðan bakhliðina“.³⁶ *Eldur* og *Sandur* gerast báðar á tveimur tímaplönnum en í *Landinu bandan landsins* hafa sögur fortíðarinnar verið leiddar til lykta og þar er tímaplanið fyrst og fremst eitt. Í umræddum eftirmála segir Guðmundur að í niðurlagi *Sands* „renni sögurnar saman í eitt“. Og hann bætir við: „Ég sneið [byggingarlag sögunnar] eftir algengu fyrirbrigði í íslenskri náttúru: þar sem tvö straumvötn renna saman og falla síðan í einum farvegi til sævar, svo sem: Sogið, Hvítá og Ölfussá.“

Í lýsingu Guðmundar Daníelssonar á byggingu þrileiksins koma fram minnst þrjú atriði sem tengja má fagurfræði Faulkners. Í fyrsta lagi er það áhersla á sagnaheiminn og landfræði hans sem á sér hliðstæðu í Yoknapatawpha-sýslu Faulkners en hún er sögusvið flestra skáldsagna hans. Hún er ímyndað landssvæði en um leið hliðstætt heimahögum hans sjálfs í Mississipi. Í öðru lagi er gengið út frá því sem vísu að atburðir, eins og hlutir, eigi sér fleiri en eina hlið. Í þriðja og síðasta lagi verður tíminn og framvinda hans að sérstöku afli innan sagnaheimsins, tímanum vindur ekki einatt fram heldur eru ólíkir söguþræðir raktir að einum punkti þar sem þeir koma saman. Þessi þrjú atriði hafa afgerandi áhrif á það hvernig sögumaður verkanna er uppbyggður. Ef horft er sérstaklega á *Af jörðu ertu kominn* með hliðsjón af *Ljósi í ágúst* þá eru sögurnar sagðar af alvitrum þriðju persónu sögumönnum. Þeir kynna til leiks mikinn fjölda persóna sem sumar hverjar eru vitundarmiðjur verkanna í skemmri eða lengri tíma. Sögumennirnir flakka frjállega fram og aftur í tíma og eru færir um að lýsa viðbrögðum og sjónarmiðum fólks, rétt eins og þeir séu sagnaandar sem fara um og fylgjast með öllu sem gerist í sveitunum. Sögurnar eru þannig settar saman af ólíkum sjónarhornum sem stefnt er saman og lesandanum er oft og tíðum látið eftir að fella dóma um það sem honum er leitt fyrir sjónir. Þegar horft er til einstakra hluta þrileiksins eru líkindin með *Eldi* og *Ljósi í ágúst* mest sláandi. Skýrast koma þau fram í umfjöllun um leyndarmál sem tengjast faðerni aðalpersónanna og þau víðtæku áhrif sem það hefur í för með sér.

³⁵ „Hin nýja bók Guðmundar Daníelssonar: Af jörðu ertu kominn“, *Alþýðublaðið*, 5. september 1941.

³⁶ Guðmundur Daníelsson, „Eftirmáli 2. útgáfu“, bls. 208.

Tveir bastardar

Í Suðurríkjum Bandaríkjanna eru kynþáttafordómar rótgrónir. Á tímabilinu 1882-1927 voru t.a.m. 3.513 svartir karlmenn fórnarlömb múgmorða (e. *lynching*) og 76 konur.³⁷ Múgmorðin beindust að karlmönnum vegna þess að kynhvöt þeirra átti að vera stjórnlaus, sérstaklega þegar hvítar konur voru annars vegar. Ef grunur lék á að kynferðisbrot hefði verið framið var það ekki skoðað sem einangrað fyrirbæri heldur yfirfært á samfélagið í heild og fórnarlambið var tákngert fyrir þá ógn sem steðjaði að menningu hvíttra.³⁸ Litarhaft var óvæfingjanleg sönnun um óæðri uppruna en fleiri atriði gátu gefið vísbendingu um að einstaklingur hefði svart blóð í æðum. Slíkar vísbendingar hafa verið nefndar kynþáttamörk (e. *racial marker*) og gátu t.d. falist í hári, húð, augum, tali, klæðaburði eða hegðun.³⁹ Í hverju og einu samfélagi geta kynþáttamörkin verið ólík; í sumum tilvikum tengjast þau jákvæðum þáttum en í öðrum neikvæðum. En þau eru notuð til að flokka og aðgreina þá æðri frá hinum óæðri.

Í skáldsögu Faulkners *Ljósi í ágúst* er óljós uppruni hins dularfulla Joes Christmas í brennidepli. Christmas er hvítur á hörund en samfélagið tengir ýmislegt í háttalagi hans og líkamsgerð við svarta. Af þessum sökum fara hvíksögur um uppruna hans á kreik hvar sem hann kemur. Christmas bregst við með því að sveipa líf sitt dulúð. Hann bruggar m.a. á laun og á í leynilegu ástarsambandi við ógifta konu, Joanna Burden. Hún lifir á jaðri samfélagsins í Jefferson vegna þess að fjölskylda hennar kom frá Norðurríkjunum á tímum enduruppbyggingarinnar eftir borgarastríðið og studdi afnám þrælahalds. Samband þeirra kemst upp eftir að Joanna finnst skorin á háls í brennandi húsi sínu sem leiðir til þess að Christmas er geldur og tekinn af lífi án dóms og laga. Þrátt fyrir hrikaleik glæpsins, sem hann er sakaður um, er aftakan fyrst og fremst afleiðing af meintu litarhafti hans. Eldsvoðinn á heimili Burdens er þungamiðja atburðarásarinnar því reykjarsúlan sem teygir sig upp til himins sést víða að og verður að skurðpunkti ólíkra frásagna. Á sama tíma vekur hún upp spurningar um hvað brenni, orsakar þess og möguleg fórnarlömb (LA 437). Með þessum hætti magnast upp spenna og smám saman leiðir sagan lesandann að eldsupptökunum frá sjónarhorni ólíkra

³⁷ Adam Gussow, *Seems like Murder Here: Southern Violence and the Blues Tradition*, Chicago: The University of Chicago Press, 2002, bls. 18.

³⁸ Deborah Barker, „Moonshine and Magnolias: The Story of Temple Drake and the Birth of a Nation“, *The Faulkner Journal* 22: 1-2/2006, bls. 140-65, hér bls. 142.

³⁹ Werner Sollors, *Neither Black nor White yet Both: Thematic Explorations of Interracial Literature*, New York/Oxford: Oxford University Press, 1997, bls. 151.

persóna. Frásögnin er oft og tíðum rofin með endurlitum og útúrdúrum en lengst slíkra er frásögn af erfiðum uppvexti Christmas. Það kemur upp úr kafinu að afi hans, Eupheus „Doc“ Hines, hafði ráðið föður hans bana vegna þess að hann var þess fullviss að um æðar hans rynni negrablóð (LA 676). Af sömu ástæðum horfði afinn upp á dóttur sína deyjja af barnsförum þegar Christmas kom í heiminn án þess að aðhafast nokkuð til að bjarga henni (LA 679). Afinn kemur drengnum í framhaldinu fyrir á munaðarleysingjahæli en vill samt sem áður hafa auga með honum og gerist húsvörður á munaðarleysingjahælinu. Hið vökula augnaráð afans gerir drenginn meðvitaðan um sjálfan sig og beinir að honum athygli hinna barnanna sem taka að uppnefna hann negra (LA 682). Þegar ljóst er að orðrómurinn muni spyrjast út meðal fullorðna fólksins óttast Hines að drengurinn verði fluttur á munaðarleysingjahæli fyrir blökkubörn og þá grípur hann til þess ráðs að ræna honum í skjóli nætur. Christmas er settur í fóstur hjá strangtrúuðu fólki en afinn hverfur úr lífi hans um allnokkurt skeið. Fósturvistin reynist drengnum erfið enda er hann beittur miklu harðræði. Afinn skýtur svo ekki aftur upp kollinum fyrr en Christmas hefur verið handsamaður í nágrannabænum Mottstown fyrir morðið á Joanna Burden. Þá gerir Hines hróp að Christmas og hvetur til þess að hann sé tekinn af lífi án dóms og laga vegna þess að hann sé *negri*.

Faðernismálið í *Eldi*, snýst ekki um svart blóð heldur danskt og tengist útgerðarmanninum Sögaard Nielsen sem barnar mállausa vinnukonu sína Guðrúnu. Að undirlagi héraðshöfðingjans Jóhannesar hreppstjóra í Breiðavík heldur hann faðerninu leyndu og með klækjum er rauðhært manntroll, Runólfur Sveinsson, sem gengur undir nafninu Runki, fenginn til að giftast henni gegn því að hann fái bæinn Gröf til eignar og sakaruppgjöf fyrir ýmsa smáglæpi (E 68). Um leið og gengið hefur verið frá ráðahagnum nauðgar Runólfrur Guðrúnu (E 72-73) en hún á síðar eftir að deyjja af barnsförum þegar drengurinn Gísli kemur í heiminn. Um Guðrúnu er fjallað í sérstökum kafla undir lok greinarinnar en dveljum um sinn við leyndarmálið um faðerni Gísla í Gröf. Faðernismálið er í fyrstu harmleikur einstaklinga en færist yfir á svið samfélagsins alls þegar danski kaupmaðurinn lifir skilgetna afkomendur sína sem verður til þess að eignir hans erfast til fjarskyldra ættingja hans. Útgerðina og framleiðslutækin, sem henni fylgja, tekur fjölskyldan til sín og flytur annað. Þetta leggst sérstaklega þungt á Jóhannes sem hafði lagt á ráðin um að systir sín giftist syni Nielsens. Frá öllu þessu er greint í löngu endurliti og með sama hætti er sögð sagan af erfiðum uppvexti Gísla. Á þetta sér skýra samsvörun í *Ljosi í ágúst*, bæði í frásagnarað-

ferð og persónusköpun, en Gísli og Joe Christmas eru augljósar hliðstæður. Jóhannes er hins vegar í stöðu Eupheus „Doc“ Hines því hann fylgist með uppvexti Gísla, plagaður af leyndarmálinu sem hann varðveitir og leitar sífellt meira á huga hans eftir því sem hann eldist. Og líkt og Joe Christmas finnur drengurinn Gísli fyrir augunum sem hvíla á honum (E 116).

Í *Ljóni í ágúst* og *Eldi* vekja uppeldissögur Joes Christmas og Gísla í Gröf samúð með persónum sem eru ógeðfelldar við fyrstu sýn. Hin raunverulegu illmenni eru hins vegar mennirnir sem kalla yfir þá samfélagslega bölvun vegna uppruna þeirra og eins þeir sem beita þá harðræði í uppvextinum. Á sögunum tveimur er þó grundvallarmunur því í *Ljóni í ágúst* setur grunurinn um að svart blóð renni um æðar Joes Christmas hann í undirskipaða stöðu. Hann missir forréttindastöðu hvíts manns og færist út á jaðar samfélagsins. Í *Eldi* vill höfðinginn Jóhannes aftur á móti halda faðerni bastarðsins leyndu, ekki vegna þess að því fylgi skömm að Nielsen sé útlenskur, heldur vill Jóhannes tryggja völd sín í samfélaginu sem byggja á óbreyttu ástandi. Hann vill þannig koma í veg fyrir að eignir Danans erfist til afkomanda konu af lágum stigum, vinnukonu, sem er í hans augum „aumingi að vissu leyti“ (E 60). Jóhannes orðar þá jaðarstöðu sem hann setur Gísla í með ýmsum hætti, nefnir hann m.a. konungsson „í álögum“ sem hafi verið „borinn út, áður en hann fæddist“ (E 174), hann segir líka að Gísli lifi „útilegumannalífi“ (E 177) og að hann sé í „ófreskjuham“ (E 178). Rétt eins og í ævintýrunum sem myndmálið vísar til býr maður undir hamnum og göfugur uppruninn dylst engum þegar álögnum hefur verið aflétt (E 234). Í þeirri heimsmynd sem Jóhannes aðhyllist eru Danir í forræðisstöðu og í honum blundar djúp þrá eftir því að samlagast Nielsen en um leið greina sig frá löndum sínum.

Annar mikilvægur þáttur í byggingu *Ljóns í ágúst* er hvernig sjálfstæðar frásagnir tengjast saman og mynda samhljóm; hefur í þessu sambandi verið talað um kontrapunkt.⁴⁰ Sjálfur lýsti Faulkner því hvernig harmleikurinn af Joe Christmas væri undirstrikaður með sögu af nokkurs konar andstæðu hans, prestinum Moses Hightower. Í *Eldi* beitir Guðmundur Daníelsson sömu aðferð. Í upphafi eru lesendur kynntir fyrir séra Gylfa Sigurðssyni. Hann býr að Nesi þar sem foreldrar hans hvíla og við hlið þeirra hefur hann valið sjálfum sér grafarstæði (E 22). Líf prestsins virðist fullkomlega kyrrstætt. Hann er úr tengslum við umhverfi sitt og virðist nærtækasta skýringin á því vera veikindi unnustu hans, Solveigar, sem sofið hefur 10 ár á sjúkra-

⁴⁰ Martin Kreiswirth, „Plots and Counterplots: The Structure of Light in August“, *New Essays on Light in August, The American Novel*, ritstj. Michael Millgate, Cambridge: Cambridge University Press, 1987, bls. 55-79, hér bls. 56.

húsi í Reykjavík (E 24). Dag einn kemur Gísli að Nesi ásamt ekkju sem hefur gerst ráðskona hjá honum, hún á fjögur börn, þrjá drengi og stúlku á fermingaraldri. Gísli ber greinilega tilfinningar til stúlkunnar sem heitir Ásdís Sölvadóttir. Þegar Gylfi sér stúlkuna kvikna líka tilfinningar innra með honum því hún minnir hann á Solveigu (E 49). Þegar uppvaxtarsaga Gísla er rakin komast lesendur að því að hann elskaði Solveigu líka en hún var fermingarsystir hans og hélt yfir honum hlífiskildi þegar Jónas, sonur Jóhannesar hreppstjóra, stríddi honum og niðurlægði. Gísli sér Solveigu í Ásdísi rétt eins og séra Gylfi og klæðir „Solveigu, leynda ástardrauminn sinn, í gervi hennar“ (E 146). Í bæði séra Gylfa og Gísla logar sem sé eldur, forboðin ást til stúlku sem var enn „ekki fullvaxta mær og heldur ekki barn lengur,“ eins og presturinn hugsar með sér þegar hann sér hana fyrsta sinn.

Annað sem tengir mennina saman eru grafir; annars vegar gröfin sem Gylfi ætlar sjálfum sér og hins vegar bærinn Gröf sem Gísli býr á. Þessar grafir eru tákni fyrir það hálfu líf sem þeir lifa en segja má að þeir séu grafnir í fortíðinni; Gylfi með heitkonu sinni en Gísli vegna leyndarmálsins um faðerni hans. Rétt eins og í *Ljósí í ágúst* nær skáldsaga Guðmundar dramatískum hápunkti í eldsvoða og voðaverkum honum tengdum. Þegar vígslu nýs skólahúss er fagnað í sveitinni er haldið ball og þar er helstu persónum verksins stefnt saman. Gleðin yfir nýbyggingunni er hins vegar skammvinn því aðkomumaður kveikir í húsinu og á sama tíma nauðgar Gísli Ásdísi. Þrátt fyrir þetta er rándýrlegum hvötum Gísla ekki fullnægt, draugur bernskunnar - „augun líkamslausu“ - taka á sig mannlega mynd Jóhannesar (E 218). Gísli fer að leita Jóhannesar og kemst að því að hann er í eldinum. Gísli sækir Jóhannes þangað en deyr sjálfur af sárum sínum. Með þessu hreinsar Gísli sig í augum samfélagsins þó ekki sé ljóst hvort hann hafi í raun ætlað sér að ráða Jóhannesi bana. Eftir dauða Gísla gerir Jóhannes faðerni hans opinbert og Gísli fær stöðu píslarvotts.

Nauðgun Ásdísar er lýst með fáum orðum: „Norðan við hólinn nam hann staðar og tók hana“ (E 218). Og glæpurinn er aldrei gerður opinber. Fyrst á eftir dvelur Ásdís hjá séra Gylfa og þá sýnir hún mörg merki ofbeldisins. Þegar hún leitar ásjár hjá prestinum finnst honum t.d. að „sál hennar og líkami hrópi gegnum hið þögla handtak hennar“ (E 237). Gylfa verður líka ljóst að vakandi „fól hún með vilja það, sem þjáði hana hið innra“ en honum tekst að raða saman sundurlausum orðum sem hún hvíslar í svefni og fá þannig mynd af því sem gerst hafði (E 242). Smám saman verður Ásdísi ljóst að hún gengur með barn. Í sögunni er því lýst hvernig hún fer að sýna líkamleg merki þungunarinnar en svo verður fósturlát (E 276). Þar sem Gísli

skipar nú gröfina sem Gylfi hafði ætlað sjálfum sér er ekkert sem heldur í prestinn á Nesi og að lokum er gefið fyrirheit um að Gylfi og Ásdís muni yfirgefa söguviðið í sameiningu. Samband þeirra er ekki líkamlegt heldur andlegt endaðótt séra Gylfi sjái að stúlkan eigi sér tvær hliðar: „Hún hefur nunnusál, en líkaminn er skapaður til nautna. Hún ber á sér svipmót tveggja ólíkra heima, en tilheyrir hvorugum nema til hálf“ (E 279). Hið platónska samband séra Gylfa og Ásdísar á sér hliðstæðu í sambandi Byrons Bunchs og Lenu Grove í *Ljosi í ágúst* en Lena er fyrsta persónan sem gengur inn á söguviðið, ólétt eftir mann sem hafði yfirgefið hana í skjóli nætur. Byron verður nokkurs konar verndari hennar, hann elskar hana en gerist aldrei nærgöngull við hana. Þegar hún hefur eignast barn sitt undir lok sögunnar fylgja lesendur þeim út af söguviðinu en í sameiningu ætla þau að halda áfram að leita að föður barnsins.

Light in August er tvíráður titill því skilja má orðið *light* bæði sem ljós og sem léttir. Tengja má fyrri merkinguna hinum fjölmörgu náttúrulýsingum sem finna má í bókinni en þar leika birtubrigði gjarna stórt hlutverk. En um leið minnir orðið á umræðuna sem fram fer í bókinni um dökkt og ljóst litarhaft. Seinni merkingin, léttir, hefur aftur á móti verið túlkuð sem myndmál fyrir fæðingu, sbr. að verða léttari. Léttirinn hefur líka verið túlkaður í ljósi dauða Joes Christmas sem er leystur undan byrðum lífs síns. Þegar horft er á *Af jörðu ertu kominn* út frá þeim andstæðupörum sem liggja *Light in August* til grundvallar lýkst upp merkingarheimur sem e.t.v. hefði verið lokaður að öðrum kosti. Titillinn *Af jörðu ertu kominn* vísar líka til upphafs jarðvistar mannsins þegar guð mótaði hann úr leir jarðarinnar og blés í hann lífi, þessi orð „Af jörðu ertu kominn“ eru höfð yfir börnum af prestum við skírn og þeim látnu þegar þeir kveðja jarðvistina sbr. „Af jörðu ertu kominn. Að jörðu skaltu aftur verða. Af jörðu skaltu aftur upp rísa.“ Titillinn á skáldsögu Guðmundar Daníelssonar vísar þannig bæði til vöggju og grafar, rétt eins og titillinn *Light in August*.

III

Suðrið og norðrið

Í bók sinni *Iceland Imagined* gengur sagnfræðingurinn Karen Oslund út frá kenningu mannfræðingsins Fredriks Barths um að sjálfsmyndir séu skapaðar á mærum, þeim stöðum þar sem mismunur á „þér“ og „öðrum“ sé greinilegastur. Samkvæmt því eru viðhorf Evrópubúa til útjaðra heims-

myndar þeirra forsenda fyrir skilningi þeirra á sjálfum sér og öðrum.⁴¹ Ein af þessum mærum eru á norðurhjara (e. *North Atlantic*), svæði sem Oslund lýsir sem útgardi (e. *frontier*) á jaðri Evrópu. Útgardar á norðurhjara voru álitnir framandlegar óbyggðir af vestur evrópskum ferðalöngum sem fyrstir lögðu leið sína þangað og þeir lýstu náttúrunni sem hættulegri og íbúunum sem óútreiknanlegum. Í bók sinni rekur Oslund hvernig þessi ímynd breyttist smám saman uns náttúra Íslands taldist fögur og viðráðanleg og íbúarnir einfaldir í háttum en dyggðugir. Samhliða því sem ímyndin breyttist tóku samfélögin á norðurhjara skref í átt til nútímans í menningarlegu, umhverfislegu og tæknilegu tilliti. Þrátt fyrir framandlega ímynd norðursins telur Oslund að alltaf hafi gætt nokkurrar óvissu um það hvernig skyldi skilgreina svæðið út frá hinum „siðmenntaða heimi“.⁴² Ástæðan fyrir þessu var sú að landsvæðið var lítið og í raun ekki svo fjarri meginlandi Evrópu, íbúar Færeyja og Íslands voru ekki heldur frábrugðnir Vesturlandabúum í útliti og þeir aðhylltust í flestum tilvikum sömu trúarbrögð. Af þessum sökum einkenndist sýn Vestur-Evrópubúa á norðrið ekki af eins skýrum andstæðupörum og þegar þeir horfðu til Suður- eða Austurlanda. Þannig voru hugtök eins og „við“ og „hin“, „heima“ og „að heiman“ fljótandi. Önnur atriði voru notuð til að greina afbrigði frá evrópskum stöðlum, t.d. landslag og náttúra, tækni og efnismenning, tungumál og bókmenntir. Þessi atriði nýttust hins vegar ekki einungis evrópskum ferðalöngum á Norðurslóðum heldur voru þau líka notuð af heimamönnum til að skilgreina sig, þó fullyrða megi að báðir hópar hafi haft sinn skilning á í hverju mismunurinn var fölginn.⁴³ Leit

⁴¹ Karen Oslund, *Iceland Imagined: Nature, Culture, and Storytelling in the North Atlantic*, Seattle og London: University of Washington Press, 2011, bls. 7.

⁴² Sama heimild, bls. 9-10.

⁴³ Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur fjallar um ytri ímyndir Grænlands, Íslands og Þjóðanna sem byggja þessar tvær eyjar í bók sem byggir á doktorsritgerð hans *Tvær eyjar á jaðrinum: Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til 19. aldar*. Þó að sýn Íslendinga á eigin sjálfsmýnd sé ekki sett á oddinn þá kemur hún víða við sögu til dæmis í kaflanum „Hin siðmenntaða eyja - Fyrirmyndareyjan - Andsvör Íslendinga“, bls. 100-107. Sumarliði ræðir sköpun sjálfsmýndar og þau andstæðupör sem liggja henni til grundvallar rækilega í inngangskafli sem ber heitið: „Imaginations of National Identity and the North“, og birtist í bókinni: *Iceland and Images of the North*, ritstj. Sumarliði R. Ísleifsson, ásamt Daniel Chartier, Québec: Presses de l'Université du Québec, 2011, bls. 3-22. Þar er til umræðu þversagnakennd staða Íslands, í senn á jaðri og miðju sem líka er miðlæg í bókarkafli Ann-Sofie Nielsen Gremaud „Iceland as Centre and Periphery: Postcolonial and Crypto-colonial Perspectives“, *The Postcolonial North Atlantic: Iceland, Greenland and the Faroe Islands*, ritstj. Lill-Ann Körber og Ebbe Volquardsen, Berlin: Nordeuropa-Institut der Humboldt-Universität, 2014, bls. 83-104. Þjóðfræðingarnir Katla Kjartansdóttir

Íslendinga að sjálfsmynd og tilraunir þeirra til að skilgreina sig út frá andstæðupörum á borð við norður/suður, við/hin eru miðlæg umfjöllunarefni í þrileik Guðmundar Danielssonar *Af jörðu ertu kominn*. Birtast þau t.a.m. þegar samfélagsleg völd færast milli kynslóða í *Eldi* en kynslóðirnar spegla sig í ólíkum heimsmyndum þar sem hugmyndir um miðju og jaðar, norður og suður eru breytilegar og skipta um inntak.

Mannfræðingurinn Kristín Loftsdóttir hefur fjallað um tengsl kynþáttahyggu og karlmennsku og bent á hvernig ímynd hins siðmenntaða Evrópu-búa einkennist af áherslu á óttaleysi og það hvernig karlmenn ryðji brautina fyrir framfarir á framandi slóðum.⁴⁴ Þessa mynd má heimfæra upp á útgerðarmanninn Sögaard Nielsen í *Eldi* en hann er álitinn „velgjörðarmaður samfélagsins“, a.m.k. af vinum sínum og sagt er að fyrir hans daga hafi ríkt sultur í sveitinni. Hann skaffar mönnum atvinnu og færir þeim björg í bú (E 56). Sá einstaklingur sem hagnast mest á veru hans í sveitinni er Jóhannes Jónsson því Nielsen leigir af honum ströndina þar sem íbúðarhús hans, fiskreitir, þurrkatrönur og bátanaust standa (E 76). Vegna þessa ráðahags renna rikulegir fjármunir til Jóhannesar sem gera pyngju hans gilda og hann sjálfan að æðsta embættismanni hreppsins (E 75). Jóhannes tilheyrir eldri kynslóð höfðingja sem kynntir eru til sögunnar í *Eldi* og það sama á við um annan valdamikinn höfðingja í sveitinni, Sigurð í Nesi. Staða hans innan samfélagsins er líka tengd hinu erlenda valdi með afdráttarlausum hætti því gjarna er vísað til hans sem „dannebrogsmannsins“ en heitið var notað um þá sem sæmdir höfðu verið silfurkrossi dannebrogsorðunnar (E 120). Þó að Nielsen tilheyrir herraþjóðinni Dönun þá er íshafsströndin nú heimkynni hans og þegar hann situr að drykkju með Jóhannesi láta þeir sig dreyma „stund og stund út úr ísnum, langt - langt inn í hitabelti hálfgleymdra minninga“ (E 87). Vinið sem þeir drekka kemur úr suðri og það kallar fram heillandi sýnir:

Róslituð ský yfir bláum unnum, hvítar kóralstrendur órafjarlæggra eyja, svignandi pálmalundir og nakið fólk, sem dansar undir silfurfölni ásjónu mánans. Báðir hafa þeir lifað það að sjá dýrð suðursins með eigin augum, Jóhannes sem háseti á norsku skipi áður en hann

og Kristinn Schram hafa fjallað um þjóðernisímyndir og þjóðernislega sjálfsmynd í ýmsum greinum t.a.m. í eftirtöldum bókarkafli þar sem þau beina sjónum að þorrablótum í nútímanum: „Óræður arfur: Þjóð- og kyngervi dullendu í norðri“, *Meningararfarur á Íslandi: Greining og gagnrýni*, ritstj. Olafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015, bls. 219-245.

⁴⁴ Kristín Loftsdóttir, „Bláir menn og eykonan Ísland: Kynjamyndir karlmennsku og Afríku á 19. öld“, *Ritið* 2/2005, bls. 21-44, hér bls 42.

varð tvítugur að aldri, Sögaard Nielsen sem káetudrengur á einu af skipum Aust-indverska félagsins danska. (86)

Suðrið er ekki fastávarðaður staður í textanum heldur kemur það manni fyrir sjónir sem staðleysa. Samt sem áður teiknast upp í hugann heimsmynd þar sem Danmörk hefur miðlæga stöðu en úti á jöðrunum eru hjá- og nýlendur hennar; Ísland, Grænland og Færeyjar í norðri en Dönsku Vestur-Indíur í suðri. Andspænis suðrinu eru Jóhannes og Nielsen samherjar, það tengist reynsluheimi þeirra beggja og kemur suðrið þeim framandi en um leið heillandi fyrir sjónir. Upprifjun þeirra á sameiginlegum minningum kemur heim og saman við rannsóknir í eftirlendufræðum á viðhorfum Evrópubúa til landsvæða eins og Asíu og Nýja heimsins því viðhorf þeirra til annarra varpa ekki síður ljósi á þeirra eigin sjálfsmynd. Kristín Loftsdóttir hefur t.a.m. bent á það hvernig pistlahöfundar *Skírnis* á níjtjándu öld og byrjun þeirrar tuttugustu samsömuðu sig Evrópumönnum í skrifum sínum um Afríku í þeim tilgangi að styrkja eigin sjálfsmynd sem siðmenntaðra manna, liður í því var að lýsa Afríkubúum sem ósiðuðum villimönnum.⁴⁵ Nakta fólk-ið sem Nielsen og Jóhannes sjá fyrir sér, dansandi á páлмаströnd, er annarlegt, það er „hinir“ og staðfestir í krafti mismunar það sem þeir eru sjálfir, „við“.⁴⁶ En þrátt fyrir að Ísland sé uppspretta auðæfa Nielsens þá streitist hann gegn því að festa þar rætur: „Það var eins og hann vildi ekki eiga hina íslenzku jörð, sem hann hafði undir sínum dönsku fótum“ (E 76). Og þær nútímalegu breytingar sem hann gerir á efnahagslífi og tæknimeningu byggðarlagsins eru af þessum sökum aðeins yfirborðslegar eins og sést þegar hann deyr og allt er flutt á brott: „bátarnir, veiðarfærin, aflinn, búslóðin og jafnvel sjálft íbúðarhúsið“ (E 89). Eftir stendur ströndin „[a]uðari og nöturlegri“ en hún hefur verið nokkru sinni fyrr: „ber eins og rænt og limlest lík á eyðislóðum“ (E 89). Þegar kaupmannsins nýtur ekki lengur við hefur Jóhannes ekki aðeins misst fjárhagslegan bakhjarl sinn heldur líka þann sem hann samsamaði sig með og grundvallaði sjálfsmynd sína á, hann er einn „harmþrungnari en allir aðrir, sekari, iðrunarfyllri og eyðilagðari en nokkur annar hinna afskekktu strandbúa norður við Íshafið“ (E 89). Þessa mynd af Íslandi má tengja lífseigum hugmyndum um ímynd norðursins en eins og sagnfræðingurinn Sumarliði Ísleifsson hefur benti á var norðrið gjarna álitíð

⁴⁵ Karen Oslund, *Iceland Imagined: Nature, Culture, and Storytelling in the North Atlantic*, bls. 9.

⁴⁶ Sjá, Kristín Loftsdóttir, „Bláir menn og eykonan Ísland: Kynjamyndir karlmennsku og Afríku á 19. öld“, bls. 42.

ríkt af auðæfum en íbúar þess of frumstæðir til að hagnýta sér þau.⁴⁷

Þó að Nielsens njóti ekki lengur við heldur Jóhannes áfram að misnota áfengi og einangrast sífellt meir og meir. Baráttan gegn áfengisneyslu Íslendinga hefur verið skoðuð sem hluti af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og hún sett í samhengi við ímynd Dana sem nýlenduherra og Íslendinga sem undirsáta þeirra. Sumarliði Ísleifsson heldur því fram að áfengi hafi verið „aðrað“ (e. *othering*) og tengt danskri kúgun. Að hans sögn voru þeir sem börðust gegn áfengisbanni sagðir vera undir dönskum áhrifum og var drykkju enn fremur lýst sem einkenni á skrælingjum og ósiðmenntuðum þjóðum.⁴⁸ Þessa togstreitu má greina í *Eldi* því þegar fram líða stundir er Jóhannesi lýst sem barni annarrar aldar (E 125). Nýi tíminn tilheyrir syni hans, Jónasi Jóhannessyni, sem berst fyrir bindindi og bættum síðum í sveitinni. Hann leiðir ungmennafélagið í Neshreppi og fer í lýðháskóla í Ásaskógi og minnr mjög á nafna sinn Jónas Jónsson frá Hriflu að því leyti að hann ætlar að sækja þangað „neista af eldi lærdóms og menningar, sem síðan skyldi tendraður á þessari norðlægu strönd, svo að víða lýsti af“ (E 115). Kjörorð Jónasar í skáldsögunni eru „Sterkari samtök, meiri félagsskapur, aukin alþýðumenntun,“ (E 125) en til að ná fram þessum markmiðum sínum hyggst hann reisa bæði samkomuhús og skólahús að Sævarhóli. Staða launsonar Nielsens, Gísla í Gröf, er athyglisverð í þessu samhengi því hann bruggar á laun rétt eins og Joe Christmas í *Ljósi í ágúst*.

Þrátt fyrir að uppbyggingarstarf Jónasar í sveitinni sé göfugt þá er hann líka yfirgangssamur og ekki geðfelld persóna að öllu leyti. Valdsmannslegir eiginleikar hans eru undirstrikaðir með því að tengja hann danska konungsveldinu á táknrænan hátt. Þegar Jónas er sjálfur orðinn hreppstjóri og oddviti í sveitinni, kemst hann að leyndarmáli Gísla og föður síns um bruggið. Hann bregst við með því að gera sér ferð að Gröf þar sem hann gerir bruggtækin upptæk. Þegar Jónas kemur af fjalli ásamt fylgdarmanni sínum mæta þeir Jóhannesi og þá koma þeir honum fyrir sjónir með eftirfarandi hætti: „Vínsuðubrúsar og prímusvélur Gísla í Gröf dingla framan á þeim eins og fáránlegar, yfir sig vaxnar og vanskapaðar orður. Það er búið að gera þá að dannebrogsmönnum!“ (E 133). Með því að gera framleiðslutæki áfengis-

⁴⁷ Sumarliði R. Ísleifsson, *Tvær eyjar á jaðrinum: Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar*, bls. 37.

⁴⁸ Sumarliði R. Ísleifsson, „In Comes Wine, Out Goes Wit”: Icelandic Independence and Prohibition of Alcohol“, *Encountering Foreign Worlds; Experiences at Home and Abroad*, ritstj. Christina Folke Ax, Anne Folke Henningsen, Niklas Thode Jensen, Leila Koivunen og Taina Syrjämaa, Ritsafn Sagnfræðistofnunar, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007, bls. 13-24, hér bls. 19-21.

ins upptæk má segja að Jónas skrúfi fyrir dönsk áhrif. Sá lestur er vissulega þversagnakenndur í ljósi þess að hann sækir sér menntun til Danmerkur og þannig spretta hugmyndir hans úr dönskum jarðvegi, hið nýja veldi sem hann ætlar sér að byggja rís sömuleiðis á dönskum grunni „þar sem áður stóðu fisktrönur Sögaards Nielsen“ (E 144). Sævarhóll heldur sem sé áfram að vera miðpunktur sveitarinnar en önnur heimsmynd birtist þeirri kynslóð sem tekur við af Jóhannesi, Nielsen og Sigurði í Nesi. Í henni tengist suðrið ekki annarlegum Suðurhafseyjum heldur hinni nýju valdamiðju á Íslandi, þ.e.a.s. höfuðborginni Reykjavík. Þar er ekki aðeins að finna pólitískt vald heldur er borgin líka miðstöð vísindalegrar þekkingar. Þegar Solveig heitkona séra Gylfa fellur í dá er almannarómur látinn enduróma í textanum: „„Suður“,“ segir fólkíð. Suður, suður, þangað sem lækarnir geta allt, jafnvel vakið upp af dauðasvefni“ (E 122). Séð frá Reykjavík er Sævarhóll hins vegar ekki miðja heldur jaðar og kemur jaðarsetning byggðarlagsins m.a. fram í því að vandræðaunglingnum Halli Jenssyni „er komið úr bænum“ til Jónasar sennilega fyrir milligöngu lögreglufyrivalda (E 206). Unglingurinn endurspeglar nútímann í Reykjavík en í svo öfgafullri mynd að það verður að senda hann í betrunarvist í sveitina. Helsta einkenni Halls er eirðarleysi því hann jafnar „hvíldarlaust á sælgætinu sínu“ og það er eins og hann vilji sjúga „úr því eitthvað sem aldrei hafði verið í það látið“ (E 205). Síðar er vakin athygli á „slangrandi göngulagi, hinu eirðarlausu rangli hans um hlöðin, hinum síjaplandi munninn og rauðu, votu vörum“ (206-207). Sjálfum líst unglíngnum ekki allt of vel á sveitina:

Reykvíkingurinn reis á fætur. „Helvítis pláss er þetta, bara for og bleyta og fjósalykt“, sagði hann og gretti sig. Hann hafði laglegt andlit, en munnsvipurinn var seyrinn og tennurnar skemmdar. Í augum hans var ekkert að sjá, enga sorg, enga gleði, aðeins grábláa þoku. Svo tróð hann enn einu sinni munninn fullan af sælgæti, tók því næst töskuna sína og hélt af stað heim til bæjarins... (E 205)

Hin slæma tannhirða *Reykvíkingsins* stafar ekki af bágrri félagslegri stöðu því foreldrar Halls eru sagðir „ríkir og vel metnir í höfuðstaðnum“ (E 206). Þegar sælgætið klárast grípur hann til örþrifaráða til að komast aftur heim því það er hann sem kveikir í nýbyggðu skólahúsinu sem brennur til kaldra kola. Afstaða Jónasar til Halls var skýr í upphafi: „Hann hefur lent í lítillsháttar klandri fyrir sunnan, en hann skal verða lagaður hérna“ (E 107). Manni getur vírst sem sagan bjóði upp á hefðbundnar andstæður sveitar og borgar þar sem borgin býður tæknilegar lausnir á líkamlegum veikindum

meðan sveitalífið greiðir úr sálarflækjum og innrætir þeim sem hafa villst af braut góða siði. Þessi andstæða er hins vegar bara á yfirborðinu því í sveitinni er ekki allt með felldu. Enginn veit það jafnvel og Jóhannes sem hugsar með sér á ákaflega Faulkneríska vísu: „... syndir feðranna koma niður á börnunum í þriðja og fjórða lið“ (E 178).

Pegar skóla- og samkomuhúsið eru brunnin halda smiðirnir sem unnu verkin heim á leið, yfirsmiðurinn er sannfærður um að „djöfullinn sjálfur regeri á þessu bölvada nesi“, honum virðist þykja miður að starf þeirra hafi verið til einskis en félagi hans lætur sér það í léttu rúmi liggja: „Skítt með það; við höfum fengið okkar peninga“, að svo mæltu héldu þeir áfram og „stefndu til suðurs“ (E 235). Útgarðurinn hefur sem sé aftur kallað til sín menn sem vilja auðgast en þegar hörmungar dynja yfir er byggðin á jaðrinum jafn illa sett, sama hvort miðjan sem dregur til sín féð er Kaupmannahöfn eða Reykjavík.

Svartar fléttur, málleysi og sveppa varir

Bókmenntafræðingurinn John T. Matthews hefur fjallað um samspil kynþáttar, kynferðis og kynlífs í *Ljósí í ágúst*. Hann heldur því fram að sögupersónur Faulkners skilgreini sjálfsmýnd sína út frá þessum þáttum og horfir til kenninga Freuds annars vegar og hins vegar aldalangrar sögu þrælahalds í Suðurríkjunum. Matthews segir að rétt eins og karlmenn skilgreini kynferði kvenna út frá vöntun á getnaðarlim í freudískum skilningi þá skynji hvíti maðurinn litarhaft þeirra svörtu sem spilltan hvítleika. Þessi sýnilegi munur á svörtum og hvítum hafi sömuleiðis verið notaður til að réttlæta þrælahaldið í Suðurríkjunum. Til að viðhalda skýrri aðgreiningu húsbænda og þræla voru sett ströng lög til að hamla gegn blöndun kynþáttanna og sjálfsmýnd hvíts gagnkynhneigðs fólks var grundvölluð á ströngum skilyrðum um samneyti við svarta. Þannig áttu eiginkonur og mæður plantekrubænda að forðast kynferðismök við svarta og afkvæmi hvítra húsbænda og svartra þræla bar að líta á sem ómerkinga (e. *nonentities*). Boð og bönn frelsuðu hina hvítu ekki undan allt að því þráhyggjukennendum hugmyndum um yfirburða hæfileika svartra á kynlífsviðinu en þær ásóttu jafnt hvíta karla og konur.⁴⁹ Ein af kenningum Matthews gengur út á að í *Ljósí í ágúst* afhjúpi Faulkner vitneskju

⁴⁹ John T. Matthews, „This Race Which Is Not One: The “More Inextricable Compositeness” of William Faulkner’s South“, *Look Away!: The U.S. South in New World Studies*, ritstj. John Smith og Deborah Cohn, Durham: Duke University Press, 2004, bls. 201-26, hér bls. 202.

hvíttra íbúa Suðurríkjanna um það að munurinn á svörtum og hvítum byggi á skáldskap en ekki veruleika. Hann heldur því enn fremur fram að Faulkner sé ekki upptekinn af ómeðvituðum, bældum eða þögguðum sannleika í þessari skáldsögu heldur hinum þróuðu félags- og sálfræðilegu aðferðum sem gerðu hvítum kleift að viðhalda og vernda yfirburði sína, þrátt fyrir að þeir væru augljóslega byggðir á sandi.⁵⁰ Í þessu sambandi beinir Matthew sjónum sínum sérstaklega að blæti. Í freudískum skilningi er það hlutur eða fyrirbæri sem hefur tvíþætta merkingu; annars vegar staðfestir hluturinn eða fyrirbærið vitund mannsins um vöntun kvenna á getnaðarlim; hins vegar bætir hluturinn eða fyrirbærið upp fyrir skortinn og tengist kynferðislegri nautn.⁵¹ Í greiningu sinni byggir Matthews líka á kenningum indverska bókmennta- og eftirlendufræðingsins Homis K. Bhabha en hann hefur skoðað staðalmyndir um kynþætti sem blæti og haldið því fram að staðalmyndin sé forsendan fyrir sjálfsmynd nýlendubúans og nýlenduherrans vegna þess að hún skilgreini eiginleika kynþáttanna. Andspænis svörtum ómerkingi fái hinn hvíti staðfestingu á augljósum og náttúrulegum hreinleika sínum. En sem blæti byggi staðalmyndin á órum og sem slík búi hún yfir því sem Freud kallaði samtímatilvist gagnstæðra hneigða, afstöðu eða tilfinninga til sama viðfangs; samkvæmt Bhabha er samtímatilvist staðalmynda fólgin í því að hún elur á ótta við mismuninn en örvar um leið óra um kynferðislega nautn.⁵²

Matthews notar kenningar Bhabha til að greina samskipti Joes Christmas við ýmsar persónur *Ljós í ágúst*, m.a. við Joanna Burden. Sú greining sýnir fram á hvernig þau gangast upp í að leika tiltekna staðalmyndir til að magna upp forboðna kynferðislega spennu. Í leiknum læðist Christmas inn í hús Burdens, eins og þjófur að nóttu, enda þótt hún búist við honum og láti eins og hann sé að ræna hana meydómnum nótt eftir nótt. Þannig gengur hann inn í hlutverk þess svarta en ímyndar sér um leið að Burden sé húsfreyja á plantekru sem vekur losta hans. Á sama tíma lætur hún eins og samræðið sé henni á móti skapi og berst á móti meðan hún æpir: „Negro! Negro! Negro! Negro!“ (LA 590). Síendurtekna athafnir festa staðalímyndirnar í sessi að mati Bhabha og hamla gegn því floti sem er á sjálfsmyndum manna í samfélögum blandaðra kynþátta.⁵³ Í *Af jörðu ertu kominn* má finna dæmi um að staðalmyndir séu notaðar til að undirstrika eða réttlæta valdaójafn-

⁵⁰ Sama heimild, bls. 204.

⁵¹ Sama heimild, bls. 202.

⁵² Sama heimild, bls. 205.

⁵³ Sama heimild, bls. 205.

vægi. Á ritunartímanum er hæpið að hægt sé að tala um svarta sjálfsmynd á Íslandi sem var einsleitt samfélag þegar horft er til kynþáttar og þjóðernisuppruna.⁵⁴ Í þrileiknum verða smávægileg frávik í útliti að kynþáttamarki en aðrar mismunarbreytur skipta líka máli. Hér á eftir verða tekin tvö dæmi, annars vegar verður horft á Guðrúnu móður Gísla í gróf sem hefur jaðarstöðu vegna kynferðis og fötlunar. Hún er mállaus en hefur að auki svarta fléttu sem virðist eiga stóran þátt í kynferðislegu aðdráttarafi hennar. Hins vegar verður horft á vinnumanninn Tomma í *Landinu bandan landsins* en athygli lesandans er ítrekað dregin að vörum hans, smám saman verður ljóst að um kynþáttamark er að ræða því persónulýsing hans tekur mið af staðalímmyndum blökkumanna. Staðalmyndirnar og valdaójafnvægið sem þær byggja á verða skýrust þegar hinir undirskipuðu eru beittir kynferðislegu ofbeldi sem undirstrikar um leið félagslega yfirburði gerendanna.

Í *Eldi* gengur Guðrún inn á sögusviðið með diska og hnífapör á heimili Sögaards Nielsen þar sem hann situr að drykkju ásamt Jóhannesi. Valdaójafnvægið milli þeirra kemur skýrt fram þegar Guðrún nemur staðar og lítur „spyrjandi á húsbónda sinn“ (E 57), sem bregst við með því að kinka kolla án þess að yrða á hana. Hún *flytir* sér að leggja á borð, *braðar* sér síðan fram til að *sækja* meira. Fyrst í stað er Guðrún ekki nefnd á nafn í textanum en þegar það er gert er starfstíttill hennar tilgreindur fyrst og síðan nafnið: „Þetta var vinnukonan, Guðrún“ (E 57). Á eftir fylgir nánari lýsing á henni sem er afmörkuð með gæsalöppum til að gefa til kynna að um almennaróm sé að ræða: „mállausa stúlkan með löngu fléttturnar svörtu.“ Áherslan á *svartan* hárlit er líkleg til að leiða hugann á suðrænar slóðir og virðist meðvitund um það búa í textanum því í beinu framhaldi er sérstaklega tekið fram: „Annars var hún vestfirzk“ (E 57). Orðræðan um Guðrúnu hefur eiginleika blætis því hún er sprottin af hugarórum karlmanna sem glápa á hana og koma orðrómnum af stað. Um leið er Guðrún forboðin því hún er ástkona danska húsbóndans. Nielsen afsalar sér öllu frumkvæði í barnsmálinu og lætur það í hendur Jóhannesar; ákvörðunin tekur á útgerðarmanninn danska en engu að síður virðist afstaða hans til stúlkunnar vera sú að hann geti ráðstafað henni eins og hverri annarri eign. Þannig er komið fram við hana eins og þræl eða ómerking fremur en frjálsa manneskju sem lýsir sér meðal annars í því að Jóhannes býður Runólfi Sveinssyni að ganga að eiga Guðrúnu gegn mútum

⁵⁴ Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, „Ísland í heiminum og heimurinn í Íslandi“, *Ísland í heiminum og heimurinn í Íslandi*, ritstj. Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Lís Rúnarsdóttir, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2016, bls. 7-21, hér bls. 13-14.

og án þess að hún sé höfð með í ráðum.

Shaun Grech hefur fjallað um tengsl nýlendustefnu og fötlunar. Þó að skrif hans fjalli um hið hnattræna suður má heimfæra margt í greiningu hans upp á aðstæður Guðrúnar. Þannig bendir hann á að þrælasala hafi ýtt undir staðlaða sýn á líkama nýlenduþegnsins; stórir, sterkir og vinnufærir menn sem færðu húsbændum sínum fjárhagslegan ávinning voru eftirsóknarverðir. Þeir sem ekki uppfylltu skilyrðin voru minna virði og fengu lægri stöðu í þeirri stigskipun sem valdakerfi nýlenduherrans byggði á. Mismunarbreytur eins og kyn, fötlun og kynþáttur gáfu tilefni til aðgreiningar, jaðarsetningar og jafnvel útilokunar.⁵⁵ Nálgun Grechs má tengja við samtvinnun eða skörun (e. *intersectionality*), hugtak sem á rætur að rekja til baráttu svarta femíníska lögfræðingsins Kimberlé Crenshaw fyrir réttindum svartra kvenna.⁵⁶ Hugtakið hefur náð mikilli útbreiðslu undanfarna áratugi og verið notað m.a. í fötlunarfræðum, kynjafræðum og lögfræði. Kynjafræðingurinn Þorgerður H. Þorvaldsdóttir hefur skilgreint hugtakið á íslensku með eftirfarandi hætti:

Samtvinnun hefur verið notuð sem kenning og aðferðafræði til þess að skoða hvernig félags- og menningarbundin valdamismunun, sem verður til í kringum stofnanabundnar og/eða félagsmótaðar breytur byggðar á kynhvervi, þjóðerni, kynþætti, stétt, kynhneigð, fötlun, heilsu, aldri, stétt, trúarbrögðum, búsetu o.s.frv. samtvinnast og móta hver aðra, og skapa þar með ný form af félagslegum ójöfnuði og mismuni.⁵⁷

Þegar við skoðum Guðrúnu með augum Jóhannesar, sem tilheyrir yfir-stéttinni, sjáum við að stúlkan hefur margháttaða jaðarstöðu í samfélaginu, þannig tvinnast saman stéttarstaða hennar, kynferði og fötlun. Hún er „mál-laus vinnukona“ og að auki ógift. Þegar í ljós kemur að hún gengur með

⁵⁵ Shaun Grech, „Decolonising Eurocentric disability studies: why colonialism matters in the disability and global South debate“, *Social Identities* 21: 1/2015, bls. 6-21, hér bls. 10-11. Nirmala Erevelles og Andrea Minear fjalla líka um nán tengsl mismunarbreytanna kynþáttar og fötlunar í greininni: „Unspeakable Offenses: Untangling Race and Disability in Discourses of Intersectionality“, *Journal of Literary & Cultural Disability Studies* 4: 2/2010, bls. 127-145.

⁵⁶ Þorgerður H. Þorvaldsdóttir: „„Því miður eruð þér ekki á kjörskrá.“ Samtvinnun sem greiningartæki í sagnfræði“, *Saga: Tímarit Sögufélags* 55: 1/2017, bls. 74-112, hér bls. 78-79.

⁵⁷ Sama, bls. 80. Samtvinnun er líka lykilhugtak í grein sagnfræðingsins Írisar Ellenberger, „Lesbía verður til: Félagið Íslensk-lesbíska og skörun kynhneigðar og kyngervis í réttindabaráttu á níunda áratug 20. aldar“, *Saga: Tímarit Sögufélags* 54: 2/2016, bls. 7-53.

barn Nielsens brýnir Jóhannes fyrir honum að hann geti ekki gifst Guðrúnu með þeim rökum að „þá smán“ myndi hann „aldrei vilja gera konunni [s]inni sálugu og syni“ (E 60). Í augum Jóhannesar er Guðrún „aumingi að vissu leyti“ en ekki öllu því hún er vinnufær og fötlun hennar er ekki sýnileg. Runólfur setur aðeins eitt skilyrði fyrir samkomulaginu við Jóhannes og Nielsen en það er að hann fái „kvenmanninn strax“ (E 67). Þetta samþykkinga þeir en lýsingin á því þegar þeir leiða Runólf á fund Guðrúnar er löng og spennuþrungin og kallast að vissu leyti á við það þegar Joe Christmas læðist um herragarð Joanna Burdens. Á stöðu Joanna og Guðrúnar er þó grundvallar munur sem kemur skýrt fram í því að sú fyrrnefnda er frjáls kona í eigin húsi meðan komið er fram við þá síðarnefndu sem eign húsbónda síns. Grech bendir á að nýlendustefnan hafi endurskilgreint hlutverk og stöðu kynjanna og breytt hefðbundnum fjölskyldumynstum. Hún hafi enn fremur aukið líkur á kynferðisofbeldi sem fatlaðar konur er sérstaklega útsettar fyrir.⁵⁸ Guðrún býr einmitt ein í herbergi í húsi Sörensens og þar finna mennirnir hana í hnipri. Hún reynir að „hylja bert brjóst sitt bak við krosslagða handleggina og svartar fléttur, sem héngu eins og digrir kaðlar fram yfir axlir hennar“ (E 70). Áður en Runólfur nauðgar Guðrúnu spyr hann hana: „Veiztu, hvað við höfum kallað þig niðri í verbúðunum?“ (E 72). Lýsingin á viðbrögðum hennar sýnir greinilega lömunaartilfinningu sem þolendur kynferðisofbeldis lýsa gjarna en um leið er hún hlutgerð í þeirri mynd sem blæti mannanna hefur tekið á sig: „Hún starði fram hjá honum svipbrigðalaus eins og mynd og skildi ekki hvað hann átti við“ (E 72). Runólfur svarar svo sjálfur spurningunni sem hann lagði fyrir hana: „Mállausu stúlkuna með löngu fléttturnar svörtu“ (E 72). Runólfur gengur hér inn í óra sína og hefur samræði við ástkonu húsbóndans. Með því tekur hann sér drottnandi stöðu yfir ógiftri vinnukonu sem getur ekki svarað fyrir sig vegna málleysis og virðist tengjast staðalímynd suðrænnar ástmeyjar í hans huga. Samræðið er án samþykkis, það er nauðgun, og þannig opinberar blætið ekki aðeins ofbeldismanninn Runólf heldur líka Jóhannes og Nielsen sem selja hana í hans hendur í krafti þeirra valda sem þeir hafa í samfélaginu. Þessi ákvörðun hefur samt sem áður djúpstað áhrif á Nielsen og rödd hans fær tón „sem barst eins og frá enn dýpra hljómgrunni en hinn danski hreimur hennar, alla leið þaðan, sem kvíka sálarinnar liggur og þjóðernislegur uppruni nær ekki til“ (E 68). Rödd hans býr enn yfir þessum tóni þegar hann flytur kveðjuræðu yfir Guðrúnu:

⁵⁸ Shaun Grech, „Decolonising Eurocentric disability studies: why colonialism matters in the disability and global South debate“, bls. 15.

„Guðrún“, sagði hann, „Runólfur Sveinsson er kominn hér til að biðja þín. Hann vill giftast þér og gera þig að húsmóður í Gröf. Hann er að vísu innbrotsþjófur og ræningi og mun eflaust misþyrma þér og gera líf þitt að píslargöngu, en það er sama; mig skortir dáð og hugrekki til að forða þér frá þessu. Það er glæpur og ég játa hann á mig, og ég veit, að fyrir guði og fyrir þér mun ég verða sekari fundinn heldur en þeir, sem á augljósari hátt kunna að verða böðlar þínir á lífsleiðinni, því ef til vill vita þeir ekki, hvað þeir gera, en það veit ég.“ (E 71)

Píslarganga Guðrúnar, mállausu stúlkunnar með löngu fléttunna svörtu varð ekki löng því hún dó af barnsförum en segja má að sonur hennar hafi tekið við krossinum og borið hann til grafar. Hörmunginni er þó ekki lokið því mennirnir sem gerðu uppeldisföður Gísla að nauðgara og böðli skapa honum sömu örlög. Þannig er hið liðna ekki liðið meðan samfélagið gerir ekki upp við glæpi fortíðarinnar.

Í lokabindi þrileiksins, *Landinu handan landsins*, er að finna frásögn sem kveðst á við sögu Guðrúnar. Í upphafi eru lesendur kynntir fyrir persónu sem í fyrst í stað er eingöngu nefnd „húsbóndinn“ en stuttu síðar kemur í ljós að hér er á ferðinni Hrólfur, bróðir séra Gylfa og sonur dannebrogs-mannsins Sigurðar í Nesi. Hrólfur er staddur í svefnherbergi sínu og fylgist út um glugga með fimmtán ára gömlum vinnumanni sínum Tomma Tuma sem reynir að teyma brúnblesóttan fola að hestasteini sem stendur á hlaðinu. Tommi notar orðið „húsbóndi“ þegar hann vísar til Hrólfs (L 5) en ungl-ingnum er lýst þannig að hann hafi farið sér „hægt að öllu“, hann blístrar danslag og þá er athyglin dregin sérstaklega að vörunum á honum: „Þykkar varirnar á honum stóðu út í loftið eins og rauð kúla úttroðin af danslögum, og hann slöngvaði þeim frá sér hverju á fætur öðru með takti og trillum. Makalaust að geta annað eins með munninum, - næstum eins og hljóðfæri væri í honum, hehe!“ (L 6). Síðasta athugasemdin minnir á lýsingu vinnu-konunnar Guðrúnar „Mállausu stúlkunnar með löngu fléttunna svörtu“ að því leyti að hún virðist endurómur af almannarómi. Í lýsingu á Tomma er klifað á þessum atriðum, við hittum hann næst fyrir þar sem hann liggur á maganum úti á túni og þá er athyglin enn og aftur dregin að vörunum: „Út á milli rauðra sveppavaranna á honum lagði mórauður hnakkólarspotti, sem hann var að tyggja“ (L 10). Tommi er sagður hafa dökkan hárdún á hökunnri og sömuleiðis eru augnabruínir hans þétthærðar og dökkar. Það er hins vegar ekki fyrr en síðar að litarhafti hans er lýst og þá eftir að hann hefur erfiðað

úti við ásamt húsbóndanum og öðru vinnufólki: „Andlitið á honum, sem undir venjulegum kringumstæðum var rautt, einkum varirnar, var orðið sót-rautt um hádegi og dökknaði þó meir eftir því sem á daginn leið“ (L 60). Tommi ber sig vel þar til annar vinnumaður tekur að stríða honum og upp-nefnir hann „glóðarhaus“. Þá bregst Tommi við með því að hrækja í áttina að vinnumanninum tóbaki af gerðinni Brödrene Braun. Þessi tiltekna gerð tóbaks naut mikilla vinsælda á Íslandi og er ítrekað tengd Tomma. Sé ættar-nafnið Braun skilið bókstaflega er nafn tóbaksins Bræðurnir Brúnu.

Hafi lesendur verið farið að renna í grun um að lýsing Tomma markist leynt og ljóst af staðalmynd blökkumanna, náskyldri persónum á borð við Sam í *Kofa Tómasar frænda* eftir Harriet Beecher Stowe, þá eru tekin af öll tvímæli þegar kaupakonan Heiðrún, sem húsbóndinn Runólfur hefur auga-stað á, segir hreint út: „Tommi Tuma, þú hefur varir eins og negri“ (L 136). Heiðrún hafði skömmu áður beðið Tomma um að dansa við sig og farið um hann höndum. Rétt eins og Guðrún frýs Tommi þegar hafðir eru í frammi kynferðislegir tilburðir. Hann: „á ekkert orð í bili, en stendur þarna galdri sleginn og má sig ekki hræra. Og hann kennir mjög undarlegar tilfinningar víðs vegar um líkamann, einkum hinum viðkvæmari hlutum hans, svo sem tám og fingrum og víðar - eins og ótal æðar taki að slá þar“ (L 136). Heið-rún líkir Tomma við negra í þann mund sem hún kyssir hann og þannig fer saman kynferðisleg athöfn og uppljóstrun um blæti sem tengist kynþátta-marki. Viðbrögð Tomma eru reiði, hann vill hefna sín grimmilega en „í ráð-þrota bræði sinni grípur hann einn bollann af borðinu og grýtir honum af alefli í gólfíð. Á næsta augnabliki er hann horfinn út um dyrnar.“

Heiðrún hefur ekki sams konar yfirburðastöðu gagnvart Tomma og þeir Runólfur, Jóhannes og Nielsen gagnvart Guðrúnu en þegar þarna er komið sögu er Heiðrún tekin að máta sig við hlutverk húsfreyjunnar á heimilinu. Kossinn er þannig ekki milli tveggja jafningja heldur til þess fallinn að stað-festa mun á henni og öðru heimilisfólki sem hlær að tiltækinu og viðbrögðum Tomma. Heiðrún finnur líka til sín vegna þess valds sem hún hefur yfir hon-um: „Hún hafði snert sálina í þessum litla, úfinhærða pilti og kveikt í henni eld, - séð hana inni í augum hans, hvernig hún stirðnaði upp sem snöggvast við snertinguna, unz hver kennd hennar tók viðbragð og eldurinn læsti sig um hana alla“ (L 137). Yfirburðir hennar eru svo staðfestir enn frekar þegar fundum hennar og Tomma ber næst saman en þá hefur Hrólfur boðið henni á dansleik. Tommi þarf að þjóna þeim báðum með því að gera hesta þeirra tilbúna til reiðar. Skömmu áður hafði athyglin enn og aftur verið dregin að munni Tomma og tóbaksneyslu hans en þá er tóbakið í fyrsta skipti tengt

Þjóðerni þegar Bröðrene Braun er kallaður: „hinn brúni, danski vökvi“ (L 141). Hér kann lesandi að hugsa til þess með hvaða hætti áfengi og neysla þess var talið til marks um stöðu Dana sem nýlenduherra en Íslendinga sem undirsáta þeirra. Ef notast er við margþvælda líkingu mætti segja að Tommi sé þræll fíknar sinnar, einn af brúnu bræðrunum í nýlendum Dana. „Húsbóndi“ Tomma er hins vegar ekki danskur útgerðarmaður eins og í tilfelli Guðrúnar heldur íslenskur stórbóndi, sonur dannebrogsmannsins Sigurðar í Nesi. Rétt eins og miðja valdsins færast frá Kaupmannahöfn „suður“ til Reykjavíkur þá tekur ný kynslóð við völdum í sveitinni og þar virðast flokkunarkerfi nýlenduhyggjunnar vera notuð til að raða fólki í virðingarstiga þar sem tvinnast saman þættir eins og félagsleg staða, kynferði, fötlun og útlits-eiginleikar.

IV

Rannsóknir fræðimanna, eins og Pascale Casanova, Deborah Cohn og Hosam Aboul-Ela, á verkum höfunda sem unnið hafa úr arfleidd Faulkners gefa tilefni til að skoða þrileik Guðmundar Daníelssonar í samhengi við fortíð Íslands sem nýlendu Dana. Hið margbrotna samfélag Suðurríkja Bandaríkjanna, sem Faulkner fjallaði um í verkum sínum, má einungis heimfæra upp á Ísland að takmörkuðu leyti en Guðmundur vinnur úr áhrifum Faulkners og afhjúpar hvernig mismunarbreytur eins og fötlun, kynþáttamörk, kynferði og stétt tvinnast saman og eru notaðar til aðgreiningar og stigskipunar í íslensku samfélagi. Í *Ljósi í ágúst* er reynt að halda faðerni Joes Christmas leyndu vegna þess að grunur leikur á að um æðar hans renni svart blóð. Í *Eldi* hvílir líka leynd yfir því að Gísli í Gröf sé afkomandi dansks kaupmanns en ástæða þess er sú að íslenskur héraðshöfðingi vill standa vörð um óbreytt valdakerfi, óttinn er því ekki við útlendinginn heldur Guðrúnu, íslenska konu af lágum stigum. Málleysi hennar og svört flétta virðast eiga stóran þátt í kynferðislegu aðdráttarafi hennar, mögulega vegna þess að þessa þætti má tengja staðalmyndum Suðrænna kvenna. Í *Landinu bandan landsins* eru varir vinnumannsins Tomma ótvírætt kynþáttamark sem notað er til að jaðarsetja hann og undirstrika valdamisræmi milli hans og annarra íbúa á bænum. Bæði þessi dæmi sýna að mínu viti andlegan skyldleika við verk Faulkners, hugvitsamlega endursköpun á því arfbundna valdamisrétti sem býr í samfélagsgerð Suðurríkjanna. Á sama tíma er íslensk yfirstétt tengd dönsku valdi, bæði með tilvísun til sameiginlegs reynsluheims þar sem hugmyndir um suður, norður og íbúa þess gegna lykilhlutverki en líka með hugtökum eins og „danne-

brogismaður“ og „húsbóndi“ sem íslensk yfirstétt þiggur í arf þó hún berjist fyrir nýjum tímum, að minnsta kosti í orði kveðnu.

Þrífleikur Guðmundar Daníelssonar er ekki gallalaus en hann er forvitnilegt rannsóknarefni og er til vitnis um þau gríðarlegu áhrif sem bandarískar bókmenntir höfðu á íslenska höfundu í kjölfar alþjóðlegs gegnumbrots þeirra í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar. Um leið segir saga Guðmundar af menningarreisunni til Kaupmannahafnar og kynnum hans af Faulkner í norskum þýðingum okkur að Norðurlönd þjónuðu hlutverki nokkurs konar glugga að umheiminum fyrir Íslendinga lengi fram eftir 20. öldinni. Og þegar hugsað er um íslenskar bókmenntir á 20. öld, og það umhverfi sem höfundar og lesendur hrærðust í, nægir ekki að huga að frumsömdum textum og þýðingum á íslensku heldur verður líka að taka tillit til bókmennta á öðrum tungumálum sem stóðu þeim til boða.

ÚTDRÁTTUR

Frá suðri til norðurs

William Faulkner og Guðmundur Daníelsson

Á fyrri hluta fimmta áratugarins skrifaði Guðmundur Daníelsson skáldsagna þrífleikinn *Af jörðu ertu kominn: Eldur* (1941), *Sandur* (1942) og *Landið bandan landsins* (1944). Guðmundur fór aldrei í grafgötur með það að kynni hans af skáldsögum bandaríska rithöfundarins William Faulkners, í norskum þýðingum á fjórða áratugnum, hefðu haft afgerandi áhrif á gerð þrífleiksins en fram til þessa hafa þau aldrei verið rannsökuð með skipulegum hætti.

Greinin skiptist í tvo hluta: Í þeim fyrri er kannað með hvað hætti Guðmundur Daníelsson nýtir byggingarlag og hugmyndaheim skáldsögunnar *Light in August* eða *Ljós í ágúst* í *Eldi*, fyrsta bindi þrífleiksins *Af jörðu ertu kominn*. Í þeim síðari er horft á rannsóknir Faulkner-fræðinga undanfarna tvo áratugi á því hvers vegna verk Faulkners hafa höfðað sérstaklega til rithöfunda á svæðum sem staðið hafa höllum fæti í efnahagslegu og menningarlegu tilliti, ýmist innan heimalanda sinna eða gagnvart erlendu valdi. Spurt er hvort og þá hvernig Guðmundur Daníelsson nýti skáldsagnaformið til að fjalla um Ísland sem hjálendu eða nýlendu Dana. Fjallað er um skáldsöguna í samhengi eftirlendufræða og lögð sérstök áhersla á að greina þá mynd sem hún birtir af samspili valds og sjálfsmyndar með hliðsjón af þáttum eins og stétt, kynþætti, kyni og fötlun.

Lykilorð: Guðmundur Daníelsson, William Faulkner, bókmenntasaga, heimsbókmenntir, eftirlendufræði, sjálfsmynd

ABSTRACT

From South to North**William Faulkner and Guðmundur Daníelsson**

During the Forties, Icelandic novelist Guðmundur Daníelsson, wrote a trilogy called *Out of the Ground Wast Thou Taken: Fire* (1941), *Sand* (1942) and *The Land beyond the Land* (1944). Leading up to the publications Daníelsson was vocal about the fact that he had read the works of American novelist William Faulkner. Later in life he would reveal that he read Faulkner in Norwegian translations and proudly acknowledged the direct line of descent he recognized between his own work and that of his American colleague. Until now no systematic analyzes has been done on the many parallels between their works.

The article is divided in two. The first half unfolds in which ways Daníelsson reproduced structures, milieu, ideas, characters and events from Faulkner's novel *Light in August* in *Fire*. The latter half of the article situates Daníelsson's trilogy within a critical framework developed by Faulkner scholars in the last two decades where they have explored the relationship between Faulkner and the many writers who have engaged with him from the postcolonial world. Questions will be raised about if and then how Daníelsson deals with Iceland's postcolonial past in his novels, with a special emphasis on the connection between power and identity as it manifests itself in relation to, for example, class, race, gender and disability.

Keywords: Guðmundur Daníelsson, William Faulkner, literary history, world literature, postcolonial literary criticism, identity

HAUKUR INGVARSSON

Rithöfundur og doktorsnemi í íslenskum bókmenntum

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-101 Reykjavík, Ísland

haukuri@hi.is

